FRÉTTABLAÐIÐ

57. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 8. MARS 2019



„Mér finnst þetta vera mjög merkilegur dagur.“

# Hótelþernur í verkfall í dag

**Formaður Eflingar segist hlakka til verkfalls hótelþerna sem hefst í dag. Hún segir félaginu þegar hafa borist ábendingar um fyrirhuguð verkfallsbrot.**

KJARAMÁL Verkfall hótelþerna í Eflingu hefst klukkan tíu í dag og mun standa til miðnættis. Þetta varð ekki endanlega ljóst fyrr en dómur Félagsdóms um lögmæti verkfallsboðunarinnar lá fyrir eftir hádegi í gær.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segist hlakka mikið til. „Mér finnst þetta vera mjög merkilegur dagur. Það er ótrúlega langt síðan verka- og láglaunafólk á höfuðborgarsvæðinu fór í verkfall.“

Sólveig Anna segir að félaginu hafi borist tilkynningar um hótel sem hyggist fremja verkfallsbrot. „Við munum taka smá verkfallsvörslurúnt og förum allavega á eitt hótel til að vera með aktíva verkfallsvörslu. Við höfum fengið ábendingu um að þar sé ætlunin að láta aðra starfsmenn ganga í störf þernanna sem við tökum mjög alvarlega.“

Efling mun standa fyrir dagskrá í Gamla bíói frá klukkan tíu í dag og farið verður í kröfugöngu klukkan 16.

Ljóst er að verkfallið mun skerða þjónustu hótela að einhverju leyti. Aðilar í hótelgeiranum hafa miklar áhyggjur af stöðunni komi til víðtækari verkfallsaðgerða. – sar / sjá síðu 4

## Tölum ekki af léttúð

„Niðurstaðan er sú að verkfallið kemur til framkvæmda og það er mikilvægt að við tölum ekki um verkföll af léttúð. Þau valda miklu tjóni í hagkerfinu og samfélaginu og miklu álagi á þeim vinnustöðum sem þau taka til. Það getur enginn hlakkað til verkfalla,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA.

Það sé mikilvægt fyrir alla aðila að leikreglur séu skýrar og dómur Félagsdóms skýri þær að einhverju leyti. „Við höfum brýnt það fyrir okkar atvinnurekendum að hlíta lögum um vinnulöggjöfina í hvívetna og ég árétta það hér með.“

## Grafalvarleg staða

„Núna er í gangi stærsta ferðakaupaþáðstefna sem Ísland tekur þátt í, ITB í Berlín, og mér skilst að á básunum þar sé aðalumræðuefnið verkföllin á Íslandi. Þó við komumst í gegnum daginn þá er fólk að leika sér með þetta fjöregg þjóðarinnar sem ferðaþjónustan er. Það er grafalvarlegt,“ segir Kristófer Oliversson, framkvæmdastjóri Centerhotels og formaður Fyrirtækja í hótel- og gistiþjónustu.

Hann segir að á síðustu fimm árum hafi laun Eflingarfólks hækkað um 75 prósent í evrum talið. Ísland sé nú orðinn dýrasti áfangastaður í heimi.






A 15-23 S-lands, en mun hægari og víða bjart N- og A-lands. Hiti 0 til 4 stig syðst, en annars frost 1 til 8 stig, kaldast inn til landsins.
SJÁ SÍÐU 18



**Frá fundinum í Fossvogsskóla í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Rýma skóla að hluta til

**MENNTAMÁL** Vegna myglu og rakaskemmda verður Fossvogsskóli rýmdur að hluta 18. mars. Þá hefjast framkvæmdir vegna skemmdanna. Þetta staðfestir Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Fundur með foreldrum, fulltrúum skólayfirvalda og borgarinnar fór fram í skólanum í gær. Nokkur ólga var á fundinum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Helgi segir niðurstöður úttektar Verkís sýna þörf á úrbótum. „Meðan þær standa yfir þá er eðlilega best að börnin verði ekki í skólanum," segir hann um þá hluta skólans sem þarf að gera úrbætur á. „Við vorum bara að fá niðurstöðurnar og erum að vinna með umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar að skipuleggja þetta."

Helgi segir ekki liggja fyrir hversu stórum hluta skólans verði lokað. Af orðum hans má skilja að það geti verið helmingur bekkjanna. Verið sé að skoða húsnæði í nágrenninu, til dæmis Víkina og Bústaðakirkju.

„Ljóst er að þessar aðgerðir fela í sér mikla röskun á hefðbundnu skólastarfi næstu vikurnar og verður næsta vika notuð til að skipuleggja skólastarfið miðað við þessar aðstæður. Fyrirhugað er að breytt skipulag á skólastarfi hefjist mánudaginn 18. mars og verða foreldrar upplýstir um nánara skipulag í næstu viku," sagði í bréfi sem Aðalbjörg Ingadóttir skólastjóri sendi foreldrum í gær en nemendur verða upplýstir um stöðuna í dag. **– bg / þea**

## Skiltagerð fyrir loftslagsverkfall




**Það verða ekki aðeins verkföll á hótelum í dag því á Austurvelli verður enn á ný haldi loftslagsverkfall þar sem þess verður krafist að Ísland taki af skarið í loftslagsmálum. Á Lofti hosteli í gærkvöldi komu umhverfisverndarsinnar saman og bjuggu til innblásin skilti.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Flugmiðakaup ekki boðin út

**BORGARMÁL** Reykjavíkurborg greiddi tæplega 300 milljónir króna í fargjöld kjörinna fulltrúa, embættismanna og starfsfólks borgarinnar á árunum 2011 til 2018. Þetta kemur fram í svari fjármálaskrifstofu borgarinnar við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur og Kolbrúnar Baldursdóttur, borgarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins, í borgarráði.

Alls voru greiddar um 245 milljónir í fargjöld starfsfólks borgarinnar, 23,8 milljónir í fargjöld kjörinna fulltrúa, 23,1 milljón í fargjöld embættismanna og tæplega 6 milljónir fyrir aðra. Um er að ræða flugfargjöld, ferðir til og frá flugvöllum, leigubíla, rútur, lestir og fleira.

Í svarinu kemur fram að ekki sé farið í útboð við miðakaup en í gildi sé afsláttarsamningur við Icelandair. Varðandi vildarpunkta hjá Icelandair þá falla þeir ekki í skaut borgarinnar þar sem þeir eru tengdir við kennitölu þess sem ferðast óháð því hver greiðandi er. **– ab**

# Ætlar einn í hringferð

**Dagskrá utanríkisráðherra veldur Sjálfstæðismönnum í þingflokki og forystuliði heilabrotum. Ráðherra hyggur nú á hringferð um landið til að ræða utanríkismál. Þingflokkurinn er nýkominn úr sameiginlegri hringferð.**

**STJÓRNMÁL** „Ég er búinn að halda fundi frá því ég byrjaði í pólitík, hef alltaf ferðast um landið með fundi. Það er ekkert nýtt," segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra sem undirbýr nú fundi um utanríkismál víða um land.

Heimildir Fréttablaðsins herma að fyrirhuguð ferðalög ráðherrans valdi nokkrum heilabrotum í flokksforystunni enda hefur þingflokkur Sjálfstæðisflokksins verið á ferð og flugi að undanförnu. Ráðherra hafi ítrekað þurft að boða forföll á viðburði í fundaherferð þingflokksins en hafi gjarnan verið að funda með Sjálfstæðismönnum annars staðar á sama tíma. Þá hafi hann lítið sést í rútuferð þingflokksins en undirbúi nú eigin hringferð.

Guðlaugur segist hafa farið í allar ferðir á vegum þingflokksins sem hann hafi komið við. Hins vegar sé mikið leitað eftir því að hann hitti flokksfélaga víða um land og slíkir fundir gjarnan undirbúnir með löngum fyrirvara og hafi jafnvel verið auglýstir og erfiðleikum bundið að bakka út þótt árekstrar komi upp. „Ég get því miður ekki verið á tveimur stöðum í einu, þótt ég leggi mig allan fram. Það eru bara tuttugu og fjórir tímar í mínum sólarhring eins og annarra," segir Guðlaugur. Hann segir einnig góðar skýringar á því hve lítið hann gat verið í rútuferð þingflokksins í kjördæmavikunni. Hann hafi bæði þurft til læknis í Reykjavík og svo átti hann fund með utanríkisráðherra Bandaríkjanna. „Ég tók fund með Mike Pompeo reyndar fram yfir þingflokkinn. Ég veit ekki hvort mönnum hefur þótt það misráðin forgangsröðun," segir Guðlaugur.

„Við bindum ekkert alla í hópnum en hann er búinn að vera með okkur í stórum hluta prógrammsins. Það eru einhver frávik hjá honum og einhver hjá öðrum eins og gengur," segir Birgir Ármannsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, aðspurður um mætingu Guðlaugs. Hann segir að prógrammið hafi verið nokkuð stíft enda um 55 viðkomustaði að ræða á nokkurra vikna tímabili.

Aðspurður um fyrirhugaða ferð sína um landið segir Guðlaugur að mikið hafi verið að gerast á vettvangi utanríkismála sem hann vilji ræða við flokksfélaga víða um land og auðvitað landsmenn alla. Allt frá málefnum EES-samningsins, norðurslóðum, NATO og þróunarmálum til skipulagsbreytinga í utanríkisþjónustunni. Þá þurfi að kynna breytingar sem orðið hafi á Íslandsstofu.

**adalheidur@frettabladid.is**



**Utanríkisráðherra var glaðbeittur á fundi sínum með Mike Pompeo í Hörpu þótt hans væri sárt saknað annars staðar á meðan.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Ég tók fund með Mike Pompeo reyndar fram yfir þingflokkinn. Ég veit ekki hvort mönnum hefur þótt það misráðin forgangsröðun.**
>
> Guðlaugur Þór Þórðarson
> utanríkisráðherra

**Efling-stéttarfélag boðar til félagsfundar**

**miðvikudaginn 13. mars, kl. 19:00**
**í húsakynnum Eflingar, Guðrúnartúni 1, 4. hæð.**

**Dagskrá:**
1. Undirbúningur aðalfundar Eflingar, m.a. lagabreytingatillögur
2. Önnur mál

Aðalfundur Eflingar verður haldinn þann 29. apríl n.k. en skv. 28. gr. laga Eflingar er heimilt að gera breytingar á lögum ef tillögur liggja fyrir.

Allir félagsmenn velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Kaffiveitingar og léttur matur í boði frá klukkan 18:30.

EFLING STÉTTARFÉLAG

Efling-stéttarfélag • Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík • Sími 510 7500



# ÁFALLASAGA KVENNA – FYRSTU NIÐURSTÖÐUR

Á einu ári hafa um 30.000 konur á Íslandi skráð sig til þátttöku í rannsóknina Áfallasaga kvenna. Skráning nýrra þátttakenda stendur yfir fram á vor. Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, þann 8. mars verður opinn kynningarfundur um fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar og framtíðaráform.

Verið öll hjartanlega velkomin.

**Með þekkingu breytum við heiminum.**

**Fundartími: 8. mars, kl 12.00-13.15**
**Fundarstaður: Hús Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugata 8, Reykjavík.**

## Dagskrá



**Katrín Jakobsdóttir**
forsætisráðherra



**Unnur Anna Valdimarsdóttir**
prófessor við Læknadeild HÍ

Áfallasaga kvenna – fyrstu niðurstöður



**Jón Atli Benediktsson**
rektor Háskóla Íslands



**Stefanía Sigurðardóttir**
fv. markaðsstjóri

Af áföllum og kulnun – reynslusaga



**Alma Möller**
landlæknir



**Kári Stefánsson**
læknir og forstjóri ÍE

Erfðir, umhverfi og heilsufar

## Fundarstjóri



**Arna Hauksdóttir**
prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands

Áfallasaga kvenna
Vísindarannsókn Háskóla Íslands

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

# Mánaðarlaun framkvæmdastjórans hækkuð um 200 þúsund

**KJARAMÁL** Stjórn Nýs Landspítala ohf. (NLSH) hækkaði í upphafi árs laun framkvæmdastjóra félagsins um tæpar 200 þúsund krónur á mánuði. Þetta kemur fram í svari framkvæmdastjórans við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið birti í vikunni svör stjórna allra fyrirtækja í ríkiseigu við erindi þess um hvernig brugðist hafi verið við tilmælum ráðuneytisins frá janúar 2017 um launaákvarðanir og starfskjör lykilstjórnenda. Í svari NLSH er útskýrt að laun Gunnars Svavarssonar framkvæmdastjóra hafi hækkað í ársbyrjun í samræmi við breytingar á launavísitölu en engar upphæðir nefndar. Í svarinu er reifað hvernig laun framkvæmdastjórans höfðu ekki tekið breytingum síðan í júní 2016. Haustið 2018 hóf stjórn NLSH rýni á umfangi félagsins og störfum framkvæmdastjóra og komst að þeirri niðurstöðu að allar kennistærðir í félaginu hefðu aukist verulega enda hefðu umsvif félagsins orðið meiri með ári hverju í samræmi við fjárheimildir Alþingis með fjárlögum ár hvert. Ljóst væri einnig að umfang Hringbrautarverkefnisins myndi



**Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri NLSH ohf.**

halda áfram að aukast. Stjórn félagsins ákvað því að föst laun Gunnars skyldu hækka í upphafi árs úr 1.308.774 krónum á mánuði í 1.506.023 krónur. Hækkun sem nemur 15 prósentum og rúmum 197 þúsund krónum.

Af svörum annarra ríkisstofnana að dæma þá er hækkun Gunnars í samanburði hófstillt. Laun forstjóra Isavia og Íslandspósts hafa hækkað um 43 prósent síðan ráðuneytið sendi stjórnum tilmælin og forstjóra Landsnets um 37 prósent svo fátt eitt sé nefnt. **– smj**

# Verkföll heilmikið áfall fyrir hótelin

Verkfall hótelþerna í Eflingu mun valda því að þjónusta hótela skerðist. Fólk í hótelgeiranum segir aðgerðirnar þegar hafa valdið tjóni og óttast frekari verkföll. Formaður Eflingar segir þá sem styðja raunverulega kvenréttindabaráttu hljóta að fagna.




**Þjónusta hótela mun skerðast vegna verkfallsaðgerða félagsmanna Eflingar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**KJARAMÁL** „Við höfðum ekki notað þessa aðferð nema við værum mjög örugg um að þetta mætti. En það er frábært að fá það staðfest að við megum nota þessa aðferð. Við fögnum því mikið,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, um þá niðurstöðu Félagsdóms að boðað verkfall hótelþerna í félaginu væri í samræmi við lög.

Verkfallið sem hefst klukkan tíu í dag ber upp á Alþjóðlegan baráttudag kvenna. „Fyrsta verkfallið er á þessum merkisdegi. Það er bara eitthvað til að gleðjast yfir. Ég get varla verið eina konan í þessari borg sem gleðst og fagnar innilega,“ segir Sólveig Anna.

Hún segist halda að félagsmenn sínir sem væru að fara að taka þátt í aðgerðunum gleddust líka. „Þær konur og þeir karlar sem raunverulega aðhyllast kvenfrelsi og styðja raunverulega kvenréttindabaráttu, sem í grunninn snýst ekki síst um efnahagslegt frelsi, hljóta að fagna gríðarlega.“

Davíð Torfi Ólafsson framkvæmdastjóri Íslandshótela, segir stöðuna snúna. „Við þurfum ekki að loka hótelunum og við getum tekið við þeim gestum sem eru að koma en þeir gestir sem þegar eru hér fá skerta þjónustu.“

Hann segir tjónið nú þegar orðið gríðarlegt. „Við þolum ekki marga daga af verkföllum. Við erum nú þegar að upplifa kólnun í greininni. Staðan er mjög viðkvæm og við þurfum að gæta að orðsporinu.“

> **Við reynum okkar allra besta en auðvitað er þetta heilmikið áfall fyrir okkur.**
>
> Ingibjörg Ólafsdóttir, hótelstjóri Hótels Sögu



Ingibjörg Ólafsdóttir, hótelstjóri Hótels Sögu, tekur í svipaðan streng. „Þetta þýðir auðvitað skerta þjónustu fyrir okkar gesti. Við reynum okkar allra besta en auðvitað er þetta heilmikið áfall fyrir okkur.“

Ingibjörg segir að þeir örfáu starfsmenn sem megi ganga í störf þernanna verði lengur að þrífa herbergin.

„Þetta er auðvitað löglega boðað verkfall og við pössum okkur að fara algjörlega að lögum og reglum í þessu. Það er réttur fólks að fara í verkfall.“

Hún segist líka hafa áhyggjur af framhaldinu. „Þetta hefur verið að segja til sín og bókunarstaðan fyrir næstu mánuði er bara miklu slakari en við höfum séð í mörg ár. Þetta gerir illt verra. Við höfum verið í átaki við að efla það en svo spyrst þetta út og það hægir enn þá meira á.“ **sighvatur@frettabladid.is**

## Nokkur vafi um úrslit

Í dómi Félagsdóms segir að það verði að teljast ósannað að atkvæðagreiðsla Eflingar hafi brotið í bága við lög. Fram kemur að nokkurs vafa hafi gætt um úrslit málsins og var því ákveðið að málsaðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Kemur fram í dómnum að ósamræmis gæti að vissu leyti í lögskýringargögnum er varða viðeigandi greinar laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Hins vegar þyki vilji löggjafans skýr þegar horft sé til athugasemda með lagafrumvarpi um breytingar á umræddum lögum og framsöguræðu þáverandi félagsmálaráðherra.

Í því felist heimild til að haga atkvæðagreiðslu með þeim hætti sem Efling hafi gert. Guðni Á. Haraldsson skilaði séráliti en hann taldi boðaða vinnustöðvun ólögmæta og því ekki þörf á að fjalla um form atkvæðagreiðslunnar.

**FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS**

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**

**Tilnefningar í fulltrúaráð Gildis - lífeyrissjóðs**

**Efling-stéttarfélag kallar eftir tilnefningum til setu í fulltrúaráði Gildis-lífeyrissjóðs. Meðlimir fulltrúaráðs fara með atkvæðisrétt á ársfundi Gildis, en hann verður haldinn 11. apríl næstkomandi.**

Allir fullgildir félagsmenn Eflingar geta tilnefnt sjálfan sig eða annan fullgildan félagsmann.

Tilnefningar skal senda á netfangið **efling@efling.is** merkt „Tilnefning til fulltrúaráðs Gildis“.

**Tilnefningar óskast sendar eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi miðvikudaginn 13. mars.**

Nánari upplýsingar á **www.efling.is**

EFLING STÉTTARFÉLAG

Efling-stéttarfélag • Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík • Sími 510 7500

# Móðir Jóns Þrastar biðlar til Íra

**MANNSHVARF** „Ekki hræðast það að stíga fram. Þið sem getið gefið okkur vísbendingar, hafið talað við hann eða hitt hann – eða vitið hvar er hann er niður kominn – ekki vera hrædd. Það er aldrei of seint. Írar eru indælt fólk. Ég bið ykkur, sem móðir.“

Þetta eru skilaboð Hönnu Bjarkar Þrastardóttur til Íra, í sjónvarpsviðtali hjá fjölmiðlinum Virgin Media. Þar ræðir hún um hvarf sonar síns, Jóns Þrastar Jónssonar, sem ekkert hefur spurst til í tæpan mánuð. Hann var í Dublin á Írlandi þegar hann hvarf. Upptökur á myndbandsupptökuvélum 7. febrúar eru það síðasta sem spurst hefur til hans. Ítarleg leit hefur engan árangur borið.



**Hanna Björk segir að hún ætli ekki frá Írlandi án Jóns.** MYND/VIRGIN MEDIA

Hanna segir í myndbandinu að hún hafi fengið taugaáfall þegar hún heyrði að hann væri týndur – og hefði varla trúað því. „Það gat ekki verið satt. Þetta var svo ólíkt honum – þetta bara gat ekki verið,“ segir hún um fyrstu viðbrögðin.

Hanna segir að þetta sé það erfiðasta sem hún hafi tekist á við í lífi sínu. „Mér dettur ekkert verra í hug en að vita ekki hvar barnið mitt er,“ segir hún. Jón Þröstur var ekki með síma sinn eða vegabréf þegar hann gekk út af hótelinu sem hann dvaldi á með eiginkonu sinni. Í viðtalinu kemur hins vegar fram að hann hafi verið með greiðslukortin og jafnvel seðlabúnt.

Hún segist í viðtalinu ekki útiloka að eitthvað slæmt hafi komið fyrir og kveðst ekki ætla frá Írlandi án sonar síns og biðlar til Íra að færa fjölskyldunni vísbendingar. **– bg**




# Hótel í helsi

Verkfall hótelstarfsfólks hefst klukkan 10 í dag og stendur til miðnættis. Félagsdómur dæmdi í gær Eflingu í hag og úrskurðaði að verkfallsaðgerðirnar teldust lögmætar og því ljóst að af verkfallinu verður. Ítarlega er fjallað um aðgerðirnar í Fréttablaðinu í dag en hér má sjá hótelin sem munu finna fyrir þeim.















# MARS TILBOÐ

## FLEIRI TILBOÐ Í VERSLUN OG Á WWW.ILVA.IS




LINA hægindastóll og skemill. Ljósgrátt áklæði með eikargrind. 49.900 kr. Nú 29.900 kr.
Skemill. 12.900 kr. Nú 8.900 kr. Stólinn er einnig hægt að fá með gráu áklæði og svartri eikargrind.




CARACAS ruggustóll. Fallegt grátt áklæði, eikarfætur. 49.900 kr. Nú 29.900 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

## Banaslys í Hafnarfirði

**SLYS** Banaslys varð í hesthúsahverfi Hestamannafélagsins Sörla í Hafnarfirði síðdegis á miðvikudag þegar hestur kastaði knapa af baki.

Vísir.is greindi frá málinu í gær en þar segir að hesturinn hafi fælst og rokið af stað sem varð til þess að knapinn, maður á sextugsaldri, kastaðist af baki og lenti á staur. Lést maðurinn af áverkum sínum. **– smj**

## Hótelverktaki í stórt þrot

**VIÐSKIPTI** Skiptum er lokið í búi félagsins LAVA-Hótel Varmaland, nú L.H.V., félags sem sá um byggingu á samnefndu hóteli í Borgarfirði. Gjaldþrotið nam tæplega 351 milljón króna en engin greiðsla fékkst upp í lýstar kröfur og þá fundust engar eignir þar.

Sigurður Örn Hilmarsson, skiptastjóri í búinu, segir í samtali við Fréttablaðið að annað félag hafi tekið við uppbyggingu hótelsins sem til stendur að opna á árinu. Rekstur hótelsins sé undir öðru félagi og þá hafi L.H.V. selt fasteignina út úr félaginu fyrir gjaldþrot. Nýja félagið hafi þá yfirtekið áhvílandi veðskuldir.

Í frétt Skessuhorns frá því í ágúst 2016 segir að félagið LAVA-Hótel Varmaland hafi fengið samþykki byggðarráðs Borgarbyggðar um kaupsamning á húsnæðinu, sem áður hýsti Húsmæðraskólann á Varmalandi, um uppbyggingu hótelsins.

Kröfuhafarnir eru nokkrir að sögn Sigurðar Arnar, einkum verktakar og birgjar sem komu að uppbyggingu hótelsins. **– dfb**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Kanadísk flugmannsekkja fær ekkert frá Sjóvá og ætlar í hart

**Engar bætur fást vegna Kanadamannsins Grants Wagstaff sem fórst er Arngrímur Jóhannsson brotlenti flugvél sem flytja átti úr landi í ágúst 2015. Lögmaður ekkjunnar kveðst algjörlega ósammála því áliti rannsóknarnefndar flugslysa og tryggingafélagsins Sjóvár að Grant hafi verið sem flugmaður í fluginu.**



Sjóflugvél Arngríms Jóhannssonar illa farin eftir brotlendinguna í Barkárdal í ágúst 2015.

**LÖGREGLUMÁL** „Guð einn veit hvenær þessi þolraun verður yfirstaðin,“ segir Roslyn Wagstaff, ekkja flugmannsins Grants Wagstaff, sem lést hér á landi fyrir um þremur og hálfu ári.

Grant hafði verið ráðinn til að ferja sjóflugvél fyrir Arngrím Jóhannsson frá Íslandi til Bandaríkjanna. Arngrímur brotlenti vélinni í Barkárdal inn af Eyjafirði eftir að mennirnir tveir lögðu upp frá Akureyri 9. ágúst 2015 með stefnu á Keflavíkurflugvöll.

„Grant lést í hörmulegu flugslysi, sitjandi í farþegasæti og átti enga sök þar á. Hann átti fjölskyldu í Kanada sem elskaði hann mjög mikið,“ segir Roslyn sem er ósátt við hvernig eftirmál flugslyssins hafa þróast.

„Fjölskyldan hans þurfti að bíða í meira en þrjú ár þar til lokið var við allar rannsóknir og skýrslur áður en félagið sem tryggði flugvélina tók ákvörðun um hvort það myndi eða myndi ekki greiða bætur vegna andlátsins. Fyrir jólin kom ákvörðunin og hún var NEI,“ segir Roslyn.

Ekkja Grants rekur að á grundvelli skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa hafi hann verið skilgreindur sem „Pilot Not Flying“ eða „flugmaður sem ekki var að fljúga“ og á því hafi Sjóvá byggt þá ákvörðun sína að hafna því að greiða bætur fyrir Grant. Samkvæmt skilmálum tryggingaskírteinis sem Arngrímur hafði keypt var hann einn tryggður sem flugmaður umræddrar vélar og svo farþegar ef einhverjir voru. Vélin sjálf var svo einnig tryggð.

„Var enginn ábyrgur fyrir því að líf þeirra sem voru um borð væru rétt tryggð?“ spyr Roslyn. „Það hlýtur að vera að annaðhvort tryggingatakinn eða tryggjandinn hafi átt að tryggja að þetta væri forgangsmál þegar trygging var keypt. Ég býst við að sá sem keypti tryggðinguna andi nú léttar yfir því að eign hans var tryggð og hann því

> **Ég býst við að sá sem keypti tryggðinguna andi nú léttar yfir því að eign hans var tryggð og hann því fengið bætur – sem er miklu mikilvægara en mannslíf.**
>
> 
>
> Roslyn Wagstaff

fengið bætur – sem er miklu mikilvægara en mannslíf.“

Þá segist Roslyn undrast hvers vegna saksóknari og lögregla neiti að enduropna málið. „Skýrsla rannsóknarnefndar flugslysa sýnir skýrt að flugmaðurinn gerði mörg alvarleg mistök sem endaði með því að það tapaðist mannslíf – líf sem var fjölskyldu hans afar dýrmætt,“ segir hún.

Roslyn íhugar nú að reka dómsmál hérlendis til að ná fram rétti sínum. „Það lítur út fyrir að við höfum engin önnur ráð til að fara lengra með málið en að grípa til lagalegra úrræða til að ná fram réttlæti fyrir Grant. Þetta er sannarlega sársaukafullt og tekur gríðarlega á fyrir okkur. Hvenær getum við haldið áfram sem fjölskylda, hvenær getum við byrjað að verða heil aftur?“ spyr hún.

Berglind Glóð Garðarsdóttir hjá lögmannsstofunni Opus hefur annast mál Roslyn á Íslandi. „Það er næst á dagskrá að taka málið fyrir dóm,“ staðfestir Berglind. Bæði sé deilt um sök í málinu og það hvort Grant Wagstaff hafi fallið undir skilgreiningu farþega eða ekki.

Berglind kveðst algerlega ósammála því að Grant hafi verið flugmaður en ekki farþegi í fluginu örlagaríka. „Þótt þú sért farþegi í bíl og sért atvinnubílstjóri eða ert farþegi í flugvél og ert lærður flugmaður þá gerir það þig ekki ábyrgan sem slíkan,“ undirstrikar hún.

Grant lét eftir sig þrjú uppkomin börn. Dóttirin Sarah Wagstaff kveður þau systkinin ekki taka þátt í málarekstrinum og gagnrýnir vinnubrögð Opus. Hún gagnrýnir einnig rannsóknarnefnd flugslysa og Sjóvá.

„Ég vil að þessi saga sé sögð svo almenningur heyri því þetta er ekki réttlæti,“ segir Sarah sem er í helgarviðtali Fréttablaðsins á morgun.
**gar@frettabladid.is**






SUV lína Peugeot sameinar fullkomin gæði og glæsileika. Sterk hönnun þeirra einkennist af hárri veghæð og sætisstöðu farþega. Há akstursstaða með hinu þekkta Peugeot i-Cockpit ökumannsrými býður upp á betri yfirsýn og þægindi. Áhersla er lögð á skilvirka tækni PureTech bensín og BlueHDi dísilvélanna ásamt nýjustu kynslóð 6 og 8 þrepa sjálfskiptinga sem eru einstaklega þýðar og með mjög lága eldsneytisnotkun.

***KOMDU OG KEYRÐU PEUGEOT SUV. GÆÐIN HEILLA ÞIG STRAX!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

**peugeotisland.is**

## Ísland fordæmir handtökur í Sádi-Arabíu

**UTANRÍKISMÁL** Ísland og 35 önnur ríki fordæmdu handtökur sádi-arabísks kvenréttindabaráttufólks á fundi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í gær. Þetta er fyrsta slíka fordæmingin í garð Sádi-Arabíu frá því ráðinu var komið á laggirnar fyrir þrettán árum.

Harald Aspelund, fastafulltrúi Íslands, las upp sameiginlega yfirlýsingu ríkjanna. „Við höfum miklar áhyggjur af beitingu hryðjuverkalaga og annarra þjóðaröryggisákvæða gegn einstaklingum sem nýttu rétt sinn og frelsi á friðsamlegan hátt. Mannréttindabaráttusinnar og félagasamtök geta og eiga að leika lykilhlutverk í því umbótaferli sem ríkið reynir nú að koma sér í gegnum,“ sagði Harald.

> **Við höfum miklar áhyggjur af beitingu hryðjuverkalaga.**
>
> Úr yfirlýsingu ríkjanna 36

Auk þess að fordæma handtökurnar kalla ríkin 36 meðal annars eftir því að kvenréttindasinnarnir, níu konur og einn karlmaður, verði leystir úr haldi.

Þá fordæmdu þau morðið á sádi-arabíska blaðamanninum Jamal Khashoggi „sem Sádi-Arabía hefur staðfest að átti sér stað á ræðisskrifstofu ríkisins í Istanbúl“ í Tyrklandi. **– þea**

# Óttast að mæðiveiki berist í fé

**Doktor í sameindaerfðafræði telur varasamt að leyfa innflutning á hráu kindakjöti. Óttast auknar líkur á að mæðiveiki berist til landsins. Framkvæmdastjóri Krónunnar segir yfirleitt nægt framboð af innlendu kjöti sem Íslendingar kjósi.**



Valgerður Andrésdóttir sameindaerfðafræðingur fann mæðiveikiveiru í frönskum sauðaosti sem keyptur var í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**LANDBÚNAÐUR** Valgerður Andrésdóttir, doktor í sameindaerfðafræði, sem starfar á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, telur mjög varasamt að leyfa innflutning á hráu kindakjöti og ostum úr ógerilsneyddri sauðamjólk. Ástæðan er hætta á mæði-visnuveirusmiti sem gæti gert út af við sauðfjárbúskap á svæðum hér á landi.

Um er að ræða veiru sem er skyld HIV og er landlæg í Evrópulöndum þar sem sauðfé hefur aðlagast. Segir Valgerður að ein sýkt kind geti valdið ómældu tjóni og reynslan af mæðiveikifaraldrinum sem gekk hér á landi um miðja síðustu öld sýni að farga þurfi öllu sýktu fé á þeim svæðum sem veiran finnst.

Hrátt kjöt er nú þegar flutt til landsins í stórum stíl, en samkvæmt núverandi lögum þarf það að vera fryst í 30 daga. Er þó aðallega um að ræða nauta-, alifugla- og svínakjöt en lítið er flutt inn af kindakjöti. Ef frumvarpsdrög landbúnaðarráðherra verða að lögum verður frystiskyldan afnumin. „Þessi veira þolir ágætlega frystingu, það sem skiptir máli er hvort kjötið er hrátt eða fulleldað. Þetta er spurning um líkur, eftir því sem meira er flutt inn því meiri líkur eru á að þetta berist í kindur,“ segir Valgerður í samtali við Fréttablaðið. Hún hefur fundið veiruna í frönskum sauðaosti sem keyptur var í verslun í Reykjavík. „Í Frakklandi, á Ítalíu og Spáni, þar sem framleiddir eru fínir sauðaostar, þar er nánast allur bústofninn sýktur og þó þetta valdi júgurbólgum þá er engin leið fyrir þá að ráða við þetta. Ég gáði reyndar ekki hvort veiran væri lifandi, en hún var þarna.“

> **Það þarf ekki endilega að vera að áhrifin verði sjáanleg, við vitum það að Íslendingar kjósa oftar en ekki íslenska framleiðslu fram yfir annað.**
>
> 
>
> Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar

Valgerður segir að það eina sem þurfi til sé úrgangur þar sem veiran er lifandi. „Ef eitthvert dýr kemst í úrganginn, fuglar, hundar eða refir, þá er hætta á að þetta berist út, jafnvel inn í fjárhús. Líkurnar á þessu eru ekki miklar en eftir því sem innflutningurinn eykst því meiri eru líkurnar. Þá yrði úti um sauðfjárbúskap á þeim svæðum þar sem veiran finnst.“

Óvíst er hver áhrifin yrðu á innflutning, en Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra hefur gefið það út að það verði ekki leyfður innflutningur á ógerilsneyddum mjólkurvörum. Magnús Óli Ólafsson, forstjóri matvælaheildsölunnar Innness, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að ef frumvarpsdrögin yrðu að lögum ætti hann von á því að byrja að flytja inn ferskt nautakjöt. Síðan þyrfti að fylgjast með viðbrögðum innanlandsmarkaðarins.

Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar, segir enn of snemmt að segja til um mögulegar breytingar á kjötborðum verslana. „Það þarf ekki endilega að vera að áhrifin verði sjáanleg, við vitum það að Íslendingar kjósa oftar en ekki íslenska framleiðslu fram yfir annað,“ segir Gréta.

Ólíkt grænmeti, þar sem innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn, sé yfirleitt nægt framboð af kjöti hér á landi. „Ég tel ólíklegt að það verði flutt inn mikið af ferskum kjúklingi eða kalkúni þar sem það yrði ekki hagkvæmt vegna líftíma vörunnar, það yrði þá frekar nautakjöt eða tilteknar vörur þar sem innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn.“

**arib@frettabladid.is**





Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516
BL ehf, Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík, 525 8000 / www.bl.is

# Samþykktu bann við því að vanvirða stjórnvöld

**RÚSSLAND** Ólöglegt verður að „vanvirða“ rússnesk yfirvöld og deila fréttum sem ríkisstjórnin álítur falskar eftir að frumvörp þess efnis voru samþykkt á rússneska þinginu í gær. Búist er við því að Vladímír Pútín forseti undirriti löggjöfina eftir að efri deild þingsins samþykkir. Þangað fara frumvörpin þann 13. mars.

Miðað við frumvarpið mega þeir sem vanvirða stjórnvöld eiga von á um 200 þúsund króna sekt fyrir fyrsta brot. Sektir hækka með hverju broti og mega síbrotamenn eiga von á allt að fimmtán daga fangelsisdómi. Þeir sem birta svokallaðar falsfréttir mega eiga von á hærri sektum, allt að tæpum tveimur milljónum króna.

Ekki eru allir sáttir við frumvörpin. BBC hafði eftir blaðamanninum Nikolai Svanidze að löggjöfin muni leiða til þess að blaðamenn fari að hræðast að skrifa fréttir af ótta við viðbrögð yfirvalda. Þá gagnrýndi viðskiptablaðið Vedomosti frumvörpin og sagði þau ógn við fefmiðla.

Stjórnarþingmaðurinn Pavel Krasjenínnikov er ekki sammála. Sagði lögin til þess fallin að vernda Rússa fyrir „vefhryðjuverkamönnum“ á meðan samflokksmaður hans, Anatolíj Víjborníj sagðist hrifinn af því að verið væri að aga ríkisborgara.

Stjórnmálaskýrandi BBC í Rússlandi sagði í umfjöllun sinni að frumvörpin væru liður í hertum aðgerðum Rússa gegn netfrelsi. Vakti athygli á því að nýlega var lagt fram frumvarp um „rússneskan veraldarvef“ sem væri óháður hinum almenna veraldarvef. Eins konar rússnesk útgáfa af hinu ritskoðaða, kínverska alneti. – þea



**Vladímír Pútín, forseti Rússlands.**

## Kardináli sakfelldur

**FRAKKLAND** Philippe Barbarin kardináli, erkibiskup af Lyon og æðsti Frakkinn innan kaþólsku kirkjunnar, var sakfelldur í gær fyrir að hafa hylmt yfir með brotum prestsins Bernards Preynat á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. AFP greindi frá. Barbarin fékk sex mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm en Preynat hefur verið ákærður fyrir kynferðisbrot gegn ungum drengjum. Mál hans fer fyrir dóm síðar á árinu.



**Philippe Barbarin kardináli.**

„Ég hef ákveðið að leita á fund föðurins og skila honum afsagnarbréfi mínu. Hann mun taka á móti mér innan fáeinna daga. Óháð mínum eigin örlögum vil ég tjá þolendum samúð mína,“ sagði Barbarin við fjölmiðla þegar niðurstaðan lá fyrir. Lögmaður hans sagði að dómnum yrði áfrýjað.

Kaþólska kirkjan stríðir nú við nýja öldu ofbeldismála, til að mynda í Ástralíu, Brasilíu, Síle og Bandaríkjunum. Í síðasta mánuði boðaði Frans páfi til fundar í Páfagarði um málið og líkti þar barnaníði við mannfórnir. Sagðist ætla að heyja allsherjarorrustu gegn ofbeldi innan kirkjunnar. – þea

## Lofar frekari þvingunum

**BANDARÍKIN** Elliott Abrams, erindreki Donalds Trump Bandaríkjaforseta er varðar Venesúela, hét því í gær að stjórnvöld í Bandaríkjunum myndu setja á enn frekari þvinganir gagnvart Venesúela. Þar á meðal þvinganir gegn bönkum sem styðja ríkisstjórn Nicolas Maduro forseta.

**Við munum innleiða frekari þvinganir gegn þeim fjármálastofnunum sem framfylgja skipunum harðstjórnar Maduros.**

Elliott Abrams, bandarískur erindreki

Styr hefur staðið um Maduro undanfarna mánuði, eða allt frá því að þingið, sem Maduro álítur valdalaust, lýsti Juan Guaido starfandi forseta vegna þess að það álítur forsetakosningar síðasta árs ólöglegar. Reyndar hefur Maduro átt undir högg að sækja mun lengur, en landið gengur í gegnum efnahagslegar hamfarir.

„Við munum innleiða frekari þvinganir gegn þeim fjármálastofnunum sem framfylgja skipunum harðstjórnar Maduros,“ sagði Abrams á fundi bandarískrar þingnefndar. – þea

Sölu-
sýning

Framúrskarandi fyrirtæki 2018

**Á morgun**, laugardag, efnum við til sölusýningar í verslun okkar, Nóatúni 4, frá kl. 10 til 16.



# Langt í land



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Það voru pólitísk og efnahagsleg mistök að stofna til hins óburðuga evrópska myntbandalags. Á tuttugu ára afmæli evrunnar má flestum vera ljóst að fyrir utan aðeins örfá kjarnaríki, einkum Þýskaland, þá hefur kostnaðurinn af hinni sameiginlegu mynt verið mun meiri en nokkurn tíma ávinningurinn fyrir flest ríki evrusvæðisins. Enn fyrirfinnast þeir hins vegar, enda þótt rökin verði sífellt fátæklegri, sem telja íslenskum hagsmunum best borgið með því að tekin verði upp hér á landi peningastefna sem tekur í engu mið af hagsveiflu Íslands. Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi ráðherra, hélt því þannig fram um liðna helgi að Samtök atvinnulífsins bæru mikla ábyrgð á þeirri stöðu sem nú væri uppi á vinnumarkaði þar sem þau hefðu horfið frá fyrri stefnu sinni um að semja um nýja og stöðuga mynt.

Forystumenn SA, ásamt Samtökum iðnaðarins, hafa réttilega fallið frá röngum áherslum samtakanna í peningamálum á sínum tíma og þess í stað horft til raunhæfra lausna sem miða að því að bæta umgjörðina um krónuna í því skyni að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Engin stefna í peninga- og gjaldmiðlamálum er fullkomin heldur snýst valið öðrum þræði um mismunandi slæma valkosti. Það eru ekki neinar einfaldar lausnir í boði heldur skiptir öllu máli, eins og fjallað var um í skýrslu starfshóps um endurskoðun peningastefnunnar, að farið sé eftir þeim leikreglum sem hvert fyrirkomulag krefst á hverjum tíma. Þar hafa Íslendingar iðulega verið eftirbátar ríkja á hinum Norðurlöndunum – hvort sem litið er til hagstjórnar hins opinbera, ríkisfjármála eða vinnumarkaðarins.

Það vekur hins vegar furðu þegar því er haldið fram að gengismálin hafi stuðlað að hinum mikla vanda á vinnumarkaði. Ekkert gæti verið jafn fjarri sanni. Gengisstyrkingin skipti sköpum í að viðhalda jafnvægi í þjóðarbúskapnum samtímis miklum vexti ferðaþjónustunnar og stuðlaði um leið að verðstöðugleika og lægri vöxtum. Krónan vann sitt verk. Fyrir launafólk skilaði þessi gengishækkun – ásamt þeim launahækkunum sem um var samið á vinnumarkaði – sér sömuleiðis í stórfelldri kaupmáttaraukningu. Ábatinn fyrir atvinnurekendur hefur að sama skapi verið minni en samanlagður hagnaður fyrirtækja í Kauphöllinni, svo dæmi sé tekið, hefur dregist saman um meira en sextíu prósent frá 2015. Hækkandi launakostnaður hefur þar ráðið mestu. Hefði Ísland verið með „stöðuga“ mynt eins og evruna, sem hefur reyndar ekki síður en krónan sveiflast gagnvart öðrum gjaldmiðlum síðustu ár, hefði byggst upp meira ójafnvægi sem hefði að lokum framkallað harkalegan efnahagssamdrátt.

Fastgengisstefna krefst mikils aga í ríkisfjármálum og eins stöðugleika á vinnumarkaði. Slíkur agi, sem Íslendingar hafa jafnan ekki verið þekktir fyrir, verður ekki innleiddur með því einu að skipta um mynt og þær hatrömmu deilur sem við sjáum nú við gerð kjarasamninga sýna að við eigum þar enn langt í land. Íslenska hagkerfið, sem á lítið sameiginlegt með evrusvæðinu, er í grunninn byggt á fáum stoðum – einkum ferðaþjónustu og sjávarútvegi – sem undirstrikar mikilvægi þess að búa við sveigjanlegt gengisfyrirkomulag þar sem gengið getur aðlagast nýjum veruleika við framboðsskell í okkar helstu útflutningsgreinum. Að vera föst í spennitreyju myntbandalags við slíkar aðstæður væri aðeins uppskrift að efnahagslegu stórslysi sem myndi hitta venjulegt launafólk verst fyrir.

> **Slíkur agi, sem Íslendingar hafa jafnan ekki verið þekktir fyrir í efnahagsmálum, verður ekki innleiddur með því einu að skipta um mynt.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Nokkrir daprir dagar…**
**Guðlaugur Þór Þórðarson er víðförull, eins og utanríkisráðherra er von og vísa og hyggur nú á hringferð um landið. Skemmtilegt þar sem forverar hans hafa verið mun meira fyrir að spóka sig langt utan landhelgi. Ferðaplanið virðist þó fara eitthvað öfugt ofan í félaga hans í þingflokki Sjálfstæðisflokksins, eins og fram kemur í frétt hér framar í blaðinu. Gulli mátti nefnilega lítið vera að því að túra um landið með XD-bandinu sem er nýkomið úr hringferð sem farin var í að því er virðist tvíþættum tilgangi; að ræða við kjósendur og gera grín að Brynjari Níelssyni á samfélagsmiðlum.**

**… án Guðlaugs Þórs**
**Guðlaugur telur sig þó sem ráðherra utanríkismála eiga brýnt erindi við Sjálfstæðisfólk á landsbyggðinni sem rétt er að uppfræða um nýjustu vendingar á vettvangi alþjóða. Guðlaugur ætlar því að halda sínu striki og leggja á hringveginn sama hvað félagar hans, sem eru nýbúnir að skola af sér ferðarykið, tauta og raula. Pæling samt að bjóða bara Brynjari Níelssyni með, halda áfram að dæla myndum af honum á Instagram og láta léttar háðsglósur fljóta með. Ætti að duga til að lyfta brúninni á liðinu sem Guðlaugur mátti varla vera að að skrölta með á dögunum.**

thorarinn@frettabladid.is

# Jafnrétti í forystu



Þorsteinn Víglundsson
varaformaður Viðreisnar

Það er margt sem við Íslendingar getum verið stolt af í jafnréttismálum. Við höfum trónað á toppi WEF-listans í jafnrétti kynjanna í áratug. Hér er atvinnuþátttaka kvenna mjög mikil og launamunur kynjanna hefur farið minnkandi. Með lögbindingu jafnlaunavottunar, undir forystu Viðreisnar, gerðumst við brautryðjendur á heimsvísu í baráttunni gegn kynbundnum launamun. Fjölmörg ríki huga nú að svipuðum aðgerðum og m.a. er samnorræn jafnlaunavottun á vegum Norðurlandaráðs í undirbúningi.

Enn er þó mikið verk óunnið. Konur njóta ekki framgangs á vinnumarkaði til jafns við karla. Engin kona stýrir nú skráðu hlutafélagi og aðeins 22% starfandi fyrirtækja er stýrt af konum. Hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja er aðeins 26%, þrátt fyrir lög um kynjakvóta. Konum á þingi fækkaði verulega í síðustu þingkosningum og vinnumarkaður okkar er kynskiptari en vinnumarkaðir nágrannalanda okkar. Þá njóta vel menntaðar kvennastéttir ekki menntunar sinnar í launum. Við tölum um að framtíðin byggist á þekkingu en samt er kennaramenntun sú háskólamenntun sem er hvað minnst metin til launa. Laun hjúkrunarfræðinga virðast heldur ekki samkeppnishæf. Og furðulegt nokk vantar hæft og menntað starfsfólk í báðar þessar stéttir. Síðast en ekki síst er kynbundið ofbeldi hér enn viðvarandi vandamál. Við verðum að gera betur. Metnaðarleysi núverandi ríkisstjórnar veldur vonbrigðum. Eitt fyrsta verk hennar var að fresta innleiðingu jafnlaunavottunar. Þá vatnaði meirihlutinn út þingsályktun þingmanna Viðreisnar og fleiri um þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta. Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn minni í vikunni um hvað ríkisstjórnin hefði gert í málinu á þeim níu mánuðum sem liðnir eru var í stuttu máli: Ekkert – þó vissulega sett fram í nokkru lengra máli.

Þótt jafnrétti snúist auðvitað fyrst og síðast um sjálfsögð mannréttindi felur það líka í sér efnahagslega skynsemi. Nýleg skýrsla OECD og Norrænu ráðherranefndarinnar sýnir að jafnrétti hefur skilað Norðurlöndunum miklum hagvexti vegna aukinnar atvinnuþátttöku kvenna. Við erum auðugri þjóðfélög fyrir vikið. Forskoti okkar verður ekki viðhaldið með aðgerðarleysi. Við getum og eigum að gera enn betur. Til hamingju með alþjóðlegan baráttudag kvenna.

> **Þótt jafnrétti snúist auðvitað fyrst og síðast um sjálfsögð mannréttindi felur það líka í sér efnahagslega skynsemi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Skólalóðin, bumbubolti og opinber stjórnsýsla

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Ein fyrsta samskiptaregla sem krakkar læra er að það er ekki í lagi að hóta því að hætta og fara heim með boltann þegar eitthvað bjátar á í leik. Týpan sem hótar að skemma þannig leikinn fyrir öllum hinum þykir ekki sérlega góður pappír. Samt leynist í okkur öllum einhver angi af þeirri tilfinningu að það megi í hita leiksins segja „Ég á þetta, ég má þetta“. Það er samfélagslegur þrýstingur og vaxandi félagsþroski sem nær að halda þeirri hugsun kyrfilega í skefjum eftir því sem við eldumst. Þegar keppnisskapið nær tökum á manni er nefnilega ekki hægt að ætlast til þess að maður hegði sér algjörlega í samræmi við fyrirframgefnar leikreglur, eða sjái hlutina alltaf í réttu, hlutlausu og sanngjörnu ljósi.

Þetta er auðvitað ástæðan fyrir því að krakkar sem hóta því að taka dótið sitt þegar eitthvað bjátar á læra fljótt að enginn nennir að leika með þeim—jafnvel þótt boltinn sé góður og dótið flott. Allir krakkarnir þurfa að skilja þá hugsun til botns að reglur leiksins sjálfs eru mikilvægari heldur en það hvort þessi eða hinn sigrar—og allir þurfa að læra að hafa þolinmæði fyrir smávægilegum árekstrum, svo lengi sem það fer ekki út í öfgar og skemmir leikinn.

**Bumbuboltinn**

Þessi grundvallaratriði halda gildi sínu óháð aldri og aðstæðum. Hópar miðaldra manna sem hittast og spila körfubolta einu sinni í viku þurfa að virða óskráð samkomulag um að menn láti ekki kappið hlaupa þannig með sig í gönur að það skapist hætta á meiðslum og slysum. Þar gilda, alveg eins og hjá krökkum á skólalóð, alls konar reglur um hvað sé óásættanleg hegðun—en umfram allt verður að finna hið gullna jafnvægi milli sigurviljans og leikgleðinnar. Leikmenn þurfa að gangast fúslega við því ef þeir brjóta á andstæðingi, viðurkenna sjálfir ef þeim verður á að taka of mörg skref með boltann og þar frameftir götunum. Í „bumbubolta“ og á skólalóð er því að jafnaði ekki gerð tilraun til þess að herma nákvæmlega eftir reglum í dæmdum leik. Í fótbolta án dómara er lítið reynt að leggja mat á rangstöðu. Í götukörfubolta hefur aldrei verið dæmd sóknarvilla og ef minnsti ágreiningur er um hver snerti síðast bolta á leiðinni útaf þá fær sóknin einfaldlega að halda boltanum.

Hinar óskráðu reglur duga til þess að tryggja að flestir geta haft gaman af íþróttaiðkuninni og geta fengið smá útrás fyrir keppnisskap. Sá sem leggur í vana sinn að fussa og sveia þegar sóknin dæmir villu, rífst yfir innköstum eða brýtur harkalega á gömlum mönnum í hægum hraðupphlaupum hættir fljótlega að fá boð um þátttöku í vinalegum körfuboltaleikjum.

Óskráðu reglurnar fela í sér einhvers konar jafnvægi sem oftast gengur upp—en að sjálfsögðu kæmi aldrei til greina að einn tiltekinn leikmaður eða annað liðið fengi að skera úr um öll ágreiningsatriði. Engum íþróttamanni væri treystandi fyrir öðrum eins völdum.



**Engri stofnun og engum einstaklingi er treystandi til þess að hafa á eigin hendi vald til að setja reglur, rannsaka og refsa.**

**Dómaranum að kenna**

En þegar eitthvað er raunverulega í húfi gengur auðvitað ekki að treysta á að leikmennirnir sjálfir leysi úr því sem orkar tvímælis. Þess vegna eru „alvöru“ leikir ekki spilaðir nema í keppnisbúningum og með dómurum. Við slíkar aðstæður horfir veröldin öðruvísi við leikmönnunum. Þegar ábyrgðin á því að tryggja heiðarleika hefur flust af leikmönnunum sjálfum og yfir á dómarana þá þurfa leikmennirnir ekki að hugsa um neitt annað en að sigra. Ef þeir brjóta af sér þá er það ekki þeirra sjálfra að gangast við brotinu og andstæðingurinn beinir ekki reiði sinni að hinum brotlega heldur krefst þess að yfirvaldið grípi í taumana og refsi fyrir brotið. Þannig hefði Diego Maradona vitaskuld aldrei dottið í hug að viðurkenna að hann kýldi boltann yfir Peter Shilton á heimsmeistaramótinu í Argentínu 1986. Úr því dómarinn sá það ekki, þá var það ekki hendi. Og aldrei á milljón árum hefði Presnel Kimpembe leikmaður PSG viðurkennt að boltinn hefði farið í hendina á sér í leiknum gegn Manchester United í fyrrakvöld—og jafnvel þá hefði hann verið 100% sannfærður um að þar hefði bolti farið í hönd en ekki hönd í bolta. En dómarinn með aðstoð myndbandsupptöku tók ákvörðunina og þar við sat. Að halda að leikmennirnir sjálfir gætu komist að niðurstöðu um málið, með réttlæti og sannleiksást að leiðarljósi, væri augljóslega algjörlega fjarstæðukennd hugmynd.

**Blindur metnaður**

Þar með er ekki sagt að íþróttamenn sem leyfa sér að hagnast á brotum sínum séu óvandaðir einstaklingar. Þeirra hlutverk er einfaldlega að hugsa um að sigra. Þannig verður leikurinn skemmtilegastur og bestur bæði fyrir iðkendur og áhorfendur.

Svipuð sjónarmið hafa verið uppi á teningnum þegar réttarríkið var hannað. Í stað þess að treysta einstaklingum til þess að vera heiðarlegir og réttsýnir, þá var hannað kerfi sem gerir ráð fyrir því að jafnvel hið besta fólk blindist af metnaði fyrir þeim verkefnum sem þeim er treyst fyrir og enginn er gerður að dómara í eigin sök. Þess vegna leyfum við til dæmis ekki lögreglunni bæði að handtaka fólk og dæma það til refsingar. Við gerum einfaldlega ráð fyrir því að metnaður lögreglunnar til að koma algjörlega í veg fyrir glæpi sé líklegur til að stuðla að óhóflegum refsingum og ósanngjarnri málsmeðferð. Í því felst ekki að lögreglumenn séu verra fólk heldur en saksóknarar eða dómarar—heldur einfaldlega að allir séu þeir mannlegir og metnaðarfullir um að sinna sínum verkum af trúmennsku.

**Böðlast á borgurum**

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, sagði við þingnefnd í vikunni að það þyrfti að passa upp á að hið opinbera böðlist ekki á borgurunum. Í því fólst auðvitað ekki ásökun um að embættismenn hafi sérstakan áhuga á því að böðlast á borgurunum—heldur einfaldlega viðurkenning á þeim aldagömlu sannindum að fólki er ómögulegt að leggja mat á það hvenær þeirra eigin tilgangur helgar meðölin sem öðrum er gert að innbyrða.

Hið frjálsa spil sem ýmsar stofnanir hins opinbera hafa fengið gagnvart borgurum og fyrirtækjum býður heim stórkostlegri hættu á misbeitingu slíks valds og rangindum sem sett geta líf einstaklinga og rekstur fyrirtækja í langvarandi uppnám, eins og dæmi eru um. Engri stofnun og engum einstaklingi er treystandi til þess að hafa á eigin hendi vald til að setja reglur, rannsaka og refsa. Þetta vita krakkar á skólalóðum, karlar í bumbubolta—og þetta ættu kjörnir fulltrúar okkar borgaranna líka að hafa mjög ofarlega í huga þegar þeir setja stofnunum og embættismönnum valdmörk.


HB GRANDI

AÐALFUNDUR

Aðalfundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 29. mars 2019 í matsal félagsins að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík og hefst hann klukkan 17:00. Fundurinn fer fram á íslensku.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. gr. 4.11 í samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins á þá leið að hluthafafundur skipi tilnefningarnefnd sem starfi sem undirnefnd stjórnar. Til bráðabirgða skipi stjórn fyrstu tilnefningarnefnd félagsins sem skuli hefja störf ekki síðar en 6 mánuðum fyrir næsta aðalfund félagsins.
4. Önnur mál.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu og sendir til félagsstjórnar á netfangið adalfundur@hbgrandi.is með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 17:00 19. mars 2019, þ.e. 10 dögum fyrir fundinn.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta:

a) veitt öðrum skriflegt umboð.
b) greitt atkvæði skriflega.

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu, form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Aðrar upplýsingar

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynnt verður um framkomin framboð tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Dagskrá og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og tillögur eru hluthöfum tiltæk á íslensku, á heimasíðu félagsins og á skrifstofu félagsins á venjulegum skrifstofutíma.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins, www.hbgrandi.is






**Tulip kjötálegg**

verð frá **429** kr/pk




**Gøl Salami og Salami Chips**

verð frá **349** kr/pk




**Tulip salöt**

verð frá **299** kr/stk

Tilboð gilda út 17. mars




**SkipperSild**

verð frá **299** kr/stk




**Tulip lifrakæfa**

**499** kr/stk




**Castello ostar**

verð frá **459** kr/stk




**Grynt purusnakk**

**289** kr/pk




**Tulip Spareribs og Pulled Pork**

**1.699** kr/pk




**Gøl pylsur**

**1.199** kr/pk

# Meira danskt




30% afsláttur

**Purusteik úr hrygg**

**1.329** kr/kg
verð áður 1.899 kr/kg




25% afsláttur

**Grísakótilettur**

**1.274** kr/kg
verð áður 1.699 kr/kg




25% afsláttur

**Lambaskankar**

**2.174** kr/kg
verð áður 2.899 kr/kg




20% afsláttur

**Ungnautahakk 4% hakk**

**1.991** kr/kg
verð áður 2.489 kr/kg

HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Hingað og ekki lengra



Arna Sif Pálsdóttir reynir að komast inn að marki Vals en mætir öflugum varnarmúr í formi Lovísu Thompson og Önnu Úrsúlu Guðmundsdóttur. Eyjaliðið átti í stökustu vandræðum með að finna glufur á vörn Valsliðsins sem vann fimm marka sigur og leikur til úrslita gegn Fram á laugardaginn. Þar mætast tvö öflugustu varnarlið Olís-deildarinnar og má því búast við að barist verði til síðasta blóðdropa. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Nýjast

### Coca-Cola-bikar kvenna

**ÍBV - Valur 12-17**
**Markahæstar:** Arna Sif Pálsdóttir 3, Ásta Björt Júlíusdóttir 2, Kristrún Hlynsdóttir 2 - Lovísa Thompson 6, Sandra Erlingsdóttir 5, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 2.

**Stjarnan - Fram 20-31**
**Markahæstar:** Þórhildur Gunnarsdóttir 5, Elísabet GUnnarsdóttir 4, Rakel Dögg Bragadóttir 4 - Þórey Rósa Stefánsdóttir 7, Ragnheiður Júlíusdóttir 6.

### Domino's-deild karla

**Þór Þ. - Keflavík 99-103**
**Stigahæstir:** Nikolas Tomsick 24/12 stoðsendingar, Halldór Garðar Hermannsson 23 - Reggie Dupree 24, Michael Craion 22/14 fráköst, Mindaugas Kacinas 18/12 fráköst.

**Njarðvík - ÍR 95-98**
**Stigahæstir:** Elvar Már Friðriksson 32, Mario Matasovic 19/11 fráköst - Sigurður Gunnar Þorsteinsson 21/20 fráköst, Matthías Orri Sigurðsson 18, Kevin Capers 17.

**Tindastóll - Breiðablik 94-70**
**Stigahæstir:** Pétur Rúnar Birgisson 21, Brynjar Þór Björnsson 14 - Árni Elmar Hrafnsson 16, Sveinbjörn Jóhannesson 12.

**Haukar - Grindavík 73-83**
**Stigahæstir:** Russell Woods 22/10 fráköst, Hilmar Smári Henningsson 14 - Lewis Clinch 27, Jordy Kuiper 17/11 fráköst.

**Valur - Skallagrímur 100-77**
**Stigahæstir:** Dominique Deon Rambo 24, Austin Magnus Bracey 21 - Bjarni Guðmann Jónsson 22/10 fráköst, Aundre Jackson 20.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 30 | Grindavík | 18 |
| Njarðvík | 30 | ÍR | 18 |
| Tindastóll | 28 | Haukar | 16 |
| Keflavík | 28 | Valur | 14 |
| KR | 24 | Skallagr. | 8 |
| Þór Þorl. | 22 | Breiðablik | 2 |


**Skattadagur Lögréttu**

**Endurgjaldslaus aðstoð við gerð skattframtala**

Laugardaginn 9. mars frá 11 til 15 mun lögfræðiþjónusta laganema við Háskólann í Reykjavík, í samstarfi við KPMG veita einstaklingum endurgjaldslausa aðstoð við gerð skattframtala 2019.

**HVAÐ ÞARF AÐ HAFA MEÐFERÐIS?**

Aðgangsupplýsingar
- að heimabanka
- að skattframtali á skattur.is
- verktakamiða (ef á við)

**SKILAFRESTUR Á SKATTFRAMTALI EINSTAKLINGA ER TIL 12. MARS**

**Lögrétta's tax day**

**Free assistance with filing tax reports**

Individuals are invited to receive complimentary assistance with filing their tax reports, Saturday 9th of march from 11:00-15:00 at Reykjavík University, Menntavegi 1.

**WHAT INFORMATION SHOULD I BRING?**

Access information
- password and/or identity key for
- the online key for skattur.is (veklykill RSK)
- contractor's slip/ticket (if applicable)

**THE DUE DATE FOR FILING INDIVIDUAL TAX REPORTS IS MARCH 12TH.**

LÖGRÉTTA KPMG


# Brekka hjá Fjölni en jafnt hinum megin

**HANDBOLTI** Það ræðst í kvöld hvaða lið leika til úrslita í Coca-Cola-bikarnum í handbolta karla. Fjölnir ræðst á ansi háan garð þegar liðið mætir Val í fyrri leiknum klukkan 18.00 og FH og ÍR bítast um seinna sætið í úrslitaleiknum klukkan 20.15.

Fréttablaðið fékk Stefán Árnason, þjálfara KA, til þess að rýna í þessa tvo leiki.

„Þetta verður talsvert brött brekka hjá Fjölni þar sem er gæðamunurinn á milli liðanna í Grill 66-deildinni og Olísdeildinni er mjög mikill. Valsvörnin er feikilega sterk og liðið hefur verið að halda liðum í Olísdeildinni undir 20 mörkum og það er hætt við því að Fjölnir lendi á vegg. Þeirra upplegg verður líklega að reyna að halda leiknum jöfnum eins lengi og mögulegt er, spila langar og skynsamlega útfærðar sóknir og fá upp góða vörn og markvörslu," segir Stefán um fyrri leikinn.

„Valur mun hins vegar reyna að klára leikinn í fyrri hálfleik þannig að liðið geti hvílt lykilleikmenn sína þegar líða tekur á leikinn. Þeir eru gríðarlega faglegir í allri sinni nálgun á leiki þannig að ég er ekki hræddur um fyrir þeirra hönd að þeir muni vanmeta andstæðing sinn. Þrátt fyrir að meiðsli hafi herjað á leikmannahóp þeirra þá er hópurinn stór og ræður vel við það," segir hann um Valsliðið.

„Það er líklegra að hinn verði mjög spennandi og ég myndi segja að bæði lið eigi jafn mikinn möguleika á að vinna þrátt fyrir að FH sé ofar í deildinni. ÍR hefur verið að endurheimta sína lykilleikmenn úr meiðslum á meðan þeir leikmenn FH sem hafa verið að glíma við meiðsli eru annaðhvort enn meiddir eða nýskriðnir úr meiðslum. FH sýndi það hins vegar á móti Aftureldingu í átta liða úrslitunum og í fleiri leikjum í deildinni að liðið getur vel spjarað sig þrátt fyrir að lykilleikmenn vanti," segir hann um seinni leikinn.



FH og ÍR munu leika til undanúrslita í bikarnum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Leikur FH og ÍR verður mjög spennandi og bæði lið eiga jafn mikinn möguleika á sigri.**
>
> Stefán Árnason

„Ásbjörn Friðriksson og skipulagður sóknarleikurinn verður lykillinn að því ef FH vinnur en hinum megin þarf Björgvin Hólmgeirsson að eiga góðan leik. Stephen Nielsen þarf svo að eiga góðan leik í marki ÍR ef vel á að fara. Þetta verður mikil refskák á milli þjálfaranna sem eru báðir klókir. ÍR mun byrja í 6-0 vörninni sinni en Bjarni er líklega að æfa leiðir til þess að koma Ásbirni út úr leiknum. Halldór Jóhann er líklega að impra á því að leikmenn leiki samkvæmt því skipulagi sem hann setur upp og sóknarleikurinn verði agaður," segir Stefán. – hó

# Fólk

Lífstíll

FÖSTUDAGUR 8. MARS 2019



# Læknahlið poppstjörnunnar

Haukur Heiðar Hauksson og félagar hans í Diktu halda merka tónleika í Hörpu í júní. Hljómsveitin er 20 ára og platan Get It Together er 10 ára. Haukur, sem starfar sem læknir, segir að hann hafi alltaf komist í gigg þrátt fyrir annir í starfinu. Kollegar hans hafi hjálpað þar mikið til. →2


ALLIR ÞURFA
D-VÍTAMÍN
Í VETUR







MARVEL MOTTA
170X240 / KR. 61.200



RUGGED MOTTA
170X240 / KR. 52.700



MAGIC MOTTA
160X230 / KR. 71.400



LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Framhald af forsíðu ➪

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Það eru margir mánuðir í gigg en það er búið að funda stíft og senda milljón tölvupósta og ýmislegt fleira. En það er mjög gaman," segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari Diktu, en hljómsveitin heldur 20 ára afmælistónleika í Hörpu þann 16. júní.

Dikta var stofnuð í Garðabæ árið 1999 og hefur á síðustu 20 árum skipað sér sess meðal vinsælustu hljómsveita landsins. Árið 2009 gaf hljómsveitin út plötuna Get It Together hjá Kölska, sem innihélt m.a. lögin Thank you, From now on og Goodbye, sem hljómuðu títt á öldum ljósvakans.

Platan seldist í bílförmum og hlaut hljómsveitin enda platínuplötu fyrir. Dikta hefur á ferli sínum komið víða við, gefið út fimm breiðskífur, haldið í mörg tónleikaferðalög utan landsteinanna og spilað á öllum helstu tónleikasviðum landsins. Í maí 2011 fékk Dikta það hlutverk að spila á opnunartónleikum Eldborgarsalarins í Hörpu og varð fyrsta rokkhljómsveitin til að spila í tónlistarhúsinu.

Þann 16. júní næstkomandi hyggst Dikta snúa aftur og líta yfir farinn veg þar sem drengirnir ætla að leika lög af öllum plötum hljómsveitarinnar.

„Við munum rúlla yfir farinn veg, við erum náttúrulega að snúa aftur í Eldborgarsalinn. Við vorum fyrsta rokkbandið til að spila í Eldborg ásamt Gus Gus á opnunartónleikunum.

> **Breiðskífur Diktu**
> **Andartak, 2002**
> **Hunting for Happiness, 2005**
> **Get It Together, 2009**
> **Trust Me, 2011**
> **Easy Street, 2015**

Platan Get It together er 10 ára og við tökum alla þá plötu. Svo teljum við í „best of" af hinum plötunum og höfum gaman. Það verður flott fólk með okkur á sviðinu, blásarar og fleiri og það er alveg hægt að lofa góðum og geggjuðum tónleikum, þótt það sé langt í þá," segir Haukur.

Hann viðurkennir að það sé töluvert stærra í sniðum að halda tónleika í Eldborgarsalnum en að mæta á einhvern minni stað og telja í. „Þetta er aðeins stærra en að mæta á til dæmis á Grand Rokk og byrja. Þetta er miklu stærra og fleiri hlutir sem þarf að velta fyrir sér."

### Byrjaði 16 ára

Þeir Jón Bjarni Pétursson, Jón Þór Sigurðsson og Skúli Gestsson ásamt Hauki hafa verið í bandinu öll árin. Haukur var sextán ára þegar hann gekk í raðir Diktu en áður hafði hann verið á míkrófóninum í hljómsveitinni Plug. „Strákarnir voru byrjaðir í bandi áður en ég kem inn í þetta. Ég ólst upp á Álftanesi og skólinn þar var bara upp í sjöunda bekk. Í áttunda bekk þurfti ég að fara í Garðaskóla þar sem ég kynnist þessum yndislegu mönnum. Þeir voru þá byrjaðir undir nafninu Grufl og þá með söngkonu.

Svo fer ég í MH og við Skúli hittumst í Strætó á leiðinni heim því hann var í Verzló. Söngkonan hafði þá hætt og hljómsveitin sem ég var í hafði lognast út af. Hann bauð mér á æfingu og ég hef ekki hætt að mæta síðan.

Þetta er orðinn alveg fáránlega langur tími," segir hann og hlær. Saga þeirra er svolítið klassísk. Bílskúrsband sem tók þátt í Músíktilraunum og gaf svo út plötu. „Strákarnir kepptu í Músíktilraunum ári áður en ég geng í raðir bandsins. Þegar ég keppti með þeim árið 2000 þá komumst við í úrslit en vorum næstum reknir úr keppni."

Dikta spilaði lag sem Haukur hafði samið og spilaði með sinni fyrrverandi hljómsveit á Rokkstokk í Keflavík. Þá var það með enskum texta en reglur Músíktilrauna voru þannig að syngja varð á íslensku.



Dikta spilar árið 2010 á Iceland Airwaves. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Drengirnir birtust svalir í sundi árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Feðgarnir og læknarnir Haukur Heiðar Ingólfsson og Haukur Heiðar Hauksson. Þeir eru með tónleika 7. apríl í Hannesarholti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Það áttaði sig einhver á því að eitt af lögunum okkar hafði verið flutt áður. Þegar maður er svona ungur þá á maður ekkert 20-30 lög á lager. Lagið mitt var gefið út á disk og VHS-spólu en reglurnar eru þannig að það má ekki spila lög sem eru útgefin. Við vissum ekkert að við værum að brjóta einhverjar reglur. Við vorum boðaðir á fund og þessu velt upp hvort það ætti að reka okkur úr keppni.

Við fengum viku til að semja annað lag því okkur var lofað að við fengjum að taka þátt í úrslitakvöldinu ef við tækjum ekki þetta tiltekna lag. Það lag varð okkar fyrsta útvarpslag, heitir Taminóra. XXX Rottweiler vann keppnina þetta árið, rappsenan hin fyrri var að byrja þarna. Við fengum ekki plötusamning í kjölfarið en héldum ótrauðir áfram og förum svo að taka upp plötu og höfum eiginlega ekki hætt því síðan."

Haukur er læknir og var að vinna að því á fullu að komast inn í gegnum nálarauga námsins þegar fyrsta platan, Andartak, var í upptökum árið 2002. „Við þurftum að klára plötuna fyrir september svo ég gæti hellt mér í námið. Ég átti í erfiðleikum eftir það, svona tímanlega. Það klikkaði allt saman og við vorum að mig minnir ekki hálfnaðir þegar ég þurfti að vera að læra.

Á þeim tíma seldust plötur bara fyrir jól þannig að í september og október var farið í að klára og mixa og mastera og mikið púsluspil fór í hönd. En svo kemst þetta upp í vana og ég hef verið heppinn með kollega sem hafa verið viljugir að skipta við mig þegar ég á að vera á vakt en við vorum bókaðir á sama tíma.

Þetta er orðið miklu erfiðara núna. Nú er einn orðinn flugmaður hjá Icelandair og það er miklu meira púsl núna ef við ætlum að æfa. En það eru allir búnir að bóka sig í frí 16. júní þegar tónleikarnir fara fram. Við verðum allir þá.

Það eru allir í þessum pakka. Það er miserfitt að losna frá en maður lætur þetta ganga því þetta er svo gaman. Ef þetta væri ekki svona gaman þá myndi maður bara sleppa þessu og gera eitthvað annað."

Því miður verður ekki hægt að bæta við tónleikadögum og er því aðeins um þessa einu dagsetningu að ræða. Miðasala er hafin á tix.is.

> **Úr umsögn Morgunblaðsins um Músíktilraunir árið 2000**
> Dikta kom næst á svið og tók sinn tíma að komast á flug. Sitthvað var vel gert og þannig var annað lag sveitarinnar snoturt í einfaldleika sínum. Lokalag þeirra Dikta-manna var án söngs og ágætt til síns brúks, en heldur stefnulaust er á leið.

> **Nafn sveitarinnar þýðir að semja, ljúga eða skálda. Orðið dikta þekkist jafnframt á sænsku í svipaðri merkingu. Þannig var lénið dikta.is frátekið af sænskum aðilum sem vildu selja það fyrir hálfa milljón íslenskra króna. Hljómsveitin tók þó ekki því boði og stofnaði síðuna dikta.net**

CHANEL



CHANEL KYNNING
Í SIGURBOGANUM 7.–9. MARS
Við kynnum nýju varalitina Rouge Coco Flash.
Rakagefandi og nærandi varalitir
sem fást í 24 fallegum litum.
Gréta Boða verður á staðnum og veitir
faglega ráðgjöf.
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ CHANEL
SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

# Fyrsta heimilið

FÖSTUDAGUR 8. MARS 2019

**Kynningar:** Innréttingar og tæki, Bauhaus, Íbúðalánasjóður






Hans Pétur er fyrir miðju ásamt tveimur starfsmönnum, þeim Ágústu Ásgeirsdóttur og Jóni Arnóri Þorsteinssyni. Þau eru sérfræðingarnir og veita fólki persónulega þjónustu. MYNDIR/ANTON BRINK

# Allir geta fundið draumalitinn

## Málningardeildin í BAUHAUS er ein sú stærsta á landinu. Þar geta allir fundið allt fyrir málningarvinnuna, fengið prufur, tæki og tól. Starfsmenn veita persónulega þjónustu með liti og blöndun.

Hjá BAUHAUS færðu þrjú bestu merkin þegar kemur að málningu, og eru það Jötun, Sadolin og Málning. Hans Pétur Blomsterberg, deildarstjóri málningardeildar BAUHAUS, segir að deildin sé ein sú tæknivæddasta sem þekkist á landinu. „Við erum með COLOR-EYE litakerfið og getum blandað nánast hvaða lit sem er. Fólk þarf einungis að taka með sér ljósþétt sýnishorn sem er að minnsta kosti 2 x 2 cm. Við blöndum nánast alla regnbogans liti og rúmlega það,“ segir hann. „Allir geta komið og beðið um sinn óskalit, því ef viðskiptavinurinn kemur með sýnishorn sem er um 2x2 cm á stærð þá eigum við að geta fundið draumalitinn,“ bætir hann við.

### Margir að mála og breyta til

Hans Pétur segir að fólk sé að mála hjá sér allan ársins hring. „Það er helst að utanhússmálun sé háð veðrinu en innanhúss er hægt að mála á hvaða tíma ársins sem er. Fyrir vorið er þó sá tími ársins sem flestir fara í gang og eru klárir í breytingar og framkvæmdir,“ segir hann en alþekkt er að fólk lætur oft verða af því að taka í gegn ef einhver viðburður er fram undan, ferming, stórafmæli eða annað.

„Það hefur verið óvenju mikill áhugi hjá fólki undanfarið að breyta hjá sér. Mjög vinsælt að mála til dæmis einn vegg, eitt rými eða eitt herbergi í öðrum lit. Slíkar minniháttar breytingar geta gert mikið fyrir heimili fólks. Dökkir litir virðast vera á útleið þar sem fólk virðist vera að birta til hjá sér með ljósari litum. Þó verður að segja að í dag er allt í tísku og allt frá ljósum, mjúkum pastellitum yfir í dökka og harða liti. Fólk fylgir mismunandi stílum og trendum sem gerir það að verkum að allt er flott og í tísku ef vinnubrögðin eru fagleg,“ segir Hans Pétur enn fremur og bætir við að í BAUHAUS sé eingöngu boðið upp á vandaða og góða málningu sem gott sé að vinna með. „Hún þekur mjög vel og ýrist ekki. Málningin frá okkur gefur mjög fallega áferð ef framkvæmdin er rétt,“ segir hann.



Nýju vorlitirnir streyma inn. Ljósari tónar eru vinsælir.




Í málningardeild Bauhaus finnur fólk allt í málningarvinnuna, hvort sem það er innan- eða utanhúss.



Það er betra að vanda valið á málningarpenslum svo verkið takist vel. Öll tæki og tól til þess fást í Bauhaus.

### Ljósari litir með vorinu

Þegar Hans Pétur er spurður hvaða litir verði vinsælastir með vorinu, svarar hann: „Það er mikið að koma af bláum litum og grábláum. Frekar ljósir litir heldur en dökkir. Hvítu litirnir halda þó alltaf vinsældum og eru klassískir. Hægt er að finna mörg falleg blæbrigði af hvítum litum, sem fólk virðist alltaf vera mjög hrifið af.“

### Mikið úrval

Í BAUHAUS er einnig mikið úrval af penslum, rúllum og settum í hvaða málningarvinnu sem er, innandyra sem utan. „Hér fær fólk allt sem það þarf, hreinsiefni, sparsl, spaða, sköpur og hvað sem fólk þarf til að undirbúa veggi og herbergi sem best. Þar fyrir utan erum við með mjög góð verð og viljum meina að í BAUHAUS séu bestu verðin í bænum,“ segir Hans Pétur og bendir á til viðbótar að margt annað sé hægt að finna í BAUHAUS þegar fólk kemur í málningarleiðangur. „Við erum með mikið úrval af veggfóðri en það hefur verið að auka vinsældir sínar mikið. Filmurnar hjá okkur er sömuleiðis mjög vinsælar og hafa slegið í gegn hjá þeim sem vilja filma innréttingar, húsgögn, hurðir, skápa eða annað. Best er að koma í BAUHAUS og skoða með eigin augum allt úrvalið.“

> **Það er mikið að koma af bláum litum og grábláum. Frekar ljósir litir heldur en dökkir. Hvítu litirnir halda þó alltaf vinsældum og eru klassískir.**

BAUHAUS er á Lambhagavegi 2-4, 113 Reykjavík, sími 515 0800. Opið er frá 8-19 virka daga en 10-18 um helgar. Sjá einnig frekari upplýsingar á heimasíðunni BAUHAUS.is.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

bauhaus.is

# BAUHAUS®




**4.995-**

Sadolin

**Loftamálning, 10 l**
Auðvelt að vinna með og slettist ekki. Einnig hægt að nota á veggi sem verða ekki fyrir miklu hnjaski. Gljástig 2.

**9.995.-**

Sadolin

**Innimálning mött 5 eða 10, 10 l**
Mött svanamerkt gæða innimálning sem auðvelt er að mála með og blanda. Gljástig 10.

STYKKJAVERÐ
**5.995.-**

Sadolin

**Veggmálning, 8 l**
Mött málning. Hentar vel á veggi og loft. Gljástig 5, 10 eða 20.

## Mikið úrval af Sadolin inni- og útimálningu



Vala Matt, arkitekt og sjónvarpskona mælir með málningunni frá BAUHAUS!



Sadolin

## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is


ERTU AÐ KAUPA ÞÍNA FYRSTU ÍBÚÐ?
VANDAÐU VALIÐ
PARKET, FLÍSAR, HURÐIR
MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG GOTT VERÐ
Framúrskarandi fyrirtæki
2016 2018
DER BLAUE ENGEL
FEUCHTESCHUTZ
MOISTURE GUARD CORE


Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is



Íris Jensen er framkvæmdastjóri Innréttinga & tækja. Þar fæst allt til þess að gera baðherbergið vel útbúið og mikið úrval af rúmgóðum innréttingum og baðskápum. MYND/STEFÁN

# Herbergi dekurs og drauma

**Baðherbergið er ein af mikilvægustu vistarverum heimilisins. Þar gefast náðarstundir dekurs og drauma en líka fjörugir baðtímar barnafjölskyldna. Innréttingar & tæki hafa lausnirnar sem duga.**

Það er einstök tilfinning að flytja inn í sína fyrstu íbúð og skapa sér heimili eftir eigin höfði," segir Íris Jensen, framkvæmdastjóri Innréttinga & tækja. Þar fyrirfinnst draumaheimur þeirra sem standa í framkvæmdum á baðherbergjum sínum, allt frá litríkum hreinlætistækjum yfir í glæsilegar innréttingar, spegla, handklæðaofna og blöndunartæki.

„Þegar ungt fólk stofnar heimili hefur það framtíðina í huga með börnum og búi. Það er svo ótal margt sem þarf að geyma inni á baðherbergjum barnafjölskyldna, eins og handklæði og þvottastykki, bleiupakka og baðdót, snyrti- og hreinlætisvörur og því þarf skápapláss að vera gott og hirslurnar notadrjúgar," segir Íris sem í Innréttingum & tækjum býður úrval innréttinga í breiddunum 60 cm til 120 cm.

„Djúpar skúffur og skápar verða iðulega fyrir valinu þar sem ung fjölskylda býr. Fyrir lítil eða þröng baðherbergi fást líka ótal lausnir í innréttingum í þremur dýptum. Skúffurnar eru rúmgóðar og eins og heill skápur út af fyrir sig og engin afsökun að geta ekki verið með gott skipulag og góðar hirslur þótt fermetrarnir séu ekki margir. Við mætum öllum stærðum og gerðum baðherbergja með frábærum lausnum," segir Íris innan um heillandi útfærslur baðinnréttinga.

„Hvítar innréttingar eru sígildar og njóta alltaf vinsælda en nú er líka hæstmóðins að velja fjölbreyttara útlit á framhliðar hurða og skúffa, til dæmis gráleita hnotu eða hvíttaða eik, sem og dökkan palisander með svörtum æðum," upplýsir Íris.

## Unga fólkið vill baðkar

Hjá Innréttingum & tækjum fást dýrindis baðkör, vaskar, salerni og blöndunartæki sem hæfa smekk hvers og eins.

„Unga fólkið vill baðkar í sitt baðherbergi, oftast hefðbundið ríkiskar í stærðinni 170x70 cm. Það sér kosti þess að hafa baðkar fyrir börnin sín að busla í og leika í baðinu, en við bjóðum líka upp á alls konar sturtuhorn og lausnir fyrir steypiböð fyrir þá sem vilja sturtu umfram baðkar og fara frekar í sund með börnin," upplýsir Íris.







Vaskar í skál og vaskar í áfastri borðplötu á ljósum sem dökkum innréttingum njóta nú vinsælda, sem og upphengd salerni með földum vatnskassa.

> **Við erum með allt sem þarf og prýtt getur ómótstæðilegt baðherbergi.**
>
> Íris Jensen

Eftir bað eða sundferð fjölskyldunnar þarf notadrjúgan handklæðaofn til að þurrka handklæðin.

„Nú er í tísku að velja svarta handklæðaofna þótt hvítt sé vitaskuld sígilt líka. Unga fólkið tekur yfirleitt háa handklæðaofna á sitt fyrsta heimili, sem hægt er að troða í helling af handklæðum og það spáir mikið í notagildi hlutanna. Hægt er að panta handklæðaofna úr allri litaflóru regnbogans, allt frá grænum, rauðum og gulum yfir í fjólubláa, enda eru margir sem njóta þess að hafa baðherbergið líflegt og litríkt," segir Íris.

## Lituð hreinlætistæki í tísku

Þegar kemur að hreinlætistækjum segir Íris unga íbúðaeigendur heillaða af hvers kyns jarðlitum.

„Á sjöunda áratugnum voru pastellit hreinlætistæki hæstmóðins og nú eru lituð tæki aftur að taka yfir en í dekkri og hlýlegum jarðlitum. Svart, grátt, brúnt og grænt er afar vinsælt, og er þá klósett, vaskur og baðkar sem dæmi haft matt svart sem kemur svakalega vel út. Litadýrðinni eru engin takmörk sett og þótt hvítt verði oftast fyrir valinu eru æ fleiri sem kjósa hreinlætistæki í lit," upplýsir Íris.

Upphengd salerni eru langvinsælasti kosturinn þegar skipt er um salernisskálar í dag.

„Þau eru þægileg og gott að þrífa undir og í kringum þau," segir Íris. „Við bjóðum nú afar góða og þunna vatnskassa úr svörtu eða hvítu gleri sem eru tilbúnir til uppsetningar beint á vegg og taka minna pláss en ella, sem er kostur þar sem pláss er af skornum skammti," útskýrir Íris.

Í vöskum eru sambyggð borðplata og vaskur vinsælast.

„Þeir eru fallegir, stílhreinir og einstaklega þægilegir í þrifum. Þá eru enn vinsælir vaskar sem líta út eins og skálar á vaskborðinu," segir Íris en vaskar sem settir eru ofan í borðplötur eru einnig fáanlegir.

„Við erum með allt sem þarf og prýtt getur ómótstæðileg baðherbergi. Speglar setja oft punktinn yfir i-ið og unga fólkið velur ljósaspegla í sína fyrstu íbúð, ýmist speglaskápa með ljósum, þar sem skápapláss vantar, en líka stóra ljósaspegla sem gefa frá sér fallega birtu og stækka baðherbergið, sem er stór plús í litlu rými."



Glæsileg blöndunartæki fyrir vaska, baðkör og sturtur fást í úrvali hjá Innréttingum & tækjum.

Innréttingar og tæki eru í Ármúla 31. Sími 588 7332. Sjá nánar á i-t.is.


Baðinnréttingar
Höfum á lager flest
allt fyrir baðherbergið
Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332
i-t.is
INNRÉTTINGAR
& TÆKI

# Hvað þarf að hafa í huga þegar kemur að lántöku vegna húsnæðis?

**Hlutverk Íbúðalánasjóðs hefur breyst úr því að vera lánasjóður í að vera sú stofnun sem fer með framkvæmd húsnæðismála og vinnur m.a. að því að tryggja aðgengi að húsnæði fyrir alla. Á miðvikudag fer fram fundur í húsnæði sjóðsins fyrir þá sem vilja auka skilning og þekkingu sína.**

Yfirskriftin á fundinum er Húsnæðislán 101. Það verður frítt inn og við bjóðum upp á léttar veitingar. Fundurinn er hugsaður fyrst og fremst fyrir þá sem eru að hugsa um að kaupa húsnæði en er einnig gagnlegur fyrir þá sem eru nú þegar með húsnæðislán,“ segir Kristján Arnarsson, sérfræðingur á húsnæðissviði Íbúðalánasjóðs um komandi fund.

Hann segir að allir séu velkomnir enda getur húsnæðismarkaðurinn og allt í kringum húsnæðiskaup verið svolítill frumskógur. Þetta er í fyrsta sinn sem Íbúðalánasjóður stendur fyrir fræðslufundi um þetta efni og ef vel tekst til er stefnan að halda fræðslufundi víðsvegar um landið. „Þetta er nýtt af nálinni og við vonumst eftir að geta boðið upp á fleiri svona fundi og jafnvel fundi sem eru sérsniðnir að ólíkum hópum.

Ef það er áhugi og eftirspurn eftir svona fundi þá viljum við fara með hann um landið. Ég veit að við höfum klárlega áhuga á því og vonumst eftir því,“ segir Kristján.

Hann bendir á að sömu spurningarnar brenni á flestum sem koma í ráðgjöf hjá Íbúðalánasjóði og starfsmenn hafi greint helstu þættina sem hafi svo verið nýttir í uppbyggingu á fræðslufundinum. Miðað við fjöldann sem kemur í ráðgjöf hjá sjóðnum þá vonar Kristján að það verði fjölmenni.

„Eitt af lykilverkefnum stofnunarinnar er hlutlaus og heiðarleg ráðgjöf til almennings um húsnæðismál. Þessi fundur gengur út á að upplýsa fólk sem er í hugleiðingum um húsnæðiskaup um helstu atriði sem þarf að hafa í huga og geta skipt miklu máli þegar kemur að lántöku vegna húsnæðiskaupa.

Til dæmis hvað er verðbólga og hvernig virkar hún? Hver er munurinn á verðtryggðum og óverðtryggðum lánum, hver er munurinn á jafngreiðsluláni og láni með jöfnum afborgunum, eru breytilegir vextir alltaf breytilegir eða eru til dæmis fastir vextir alltaf fastir? Hvernig virkar greiðslumat? Við ætlum að fara í gegnum þessi atriði þannig að fólk skilji út á hvað þetta gengur og geti þar með tekið upplýstari ákvörðun. Þá eru minni líkur á að fólk geri mistök eða geri eitthvað vitlaust í ferlinu.“

Kristján bendir á að það sé óþarfi að vera borga of mikið af sínum húsnæðislánum. Sum lán voru kannski mjög góð fyrir mörgum árum en það kostar ekkert að skoða hvort það sé eitthvað betra í boði í dag. „Fundurinn er fyrst og fremst hugsaður fyrir þá sem eru að hugleiða húsnæðiskaup en hann getur líka verið fyrir þá sem eru búnir að taka lán fyrir einhverju síðan og eru að velta því fyrir sér hvort lánið sé endilega best. Hvort það sé hægt að breyta því, endurfjármagna eða gera eitthvað öðruvísi. Sumir er kannski að borga of mikið og meira en þarf og þá er allt í lagi að fara yfir það.“




Kristján Arnarsson, sérfræðingur á húsnæðissviði Íbúðalánasjóðs, segir að almenningur eigi að taka upplýsta ákvörðun um húsnæðismál. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Yfirskrift fundarins er Húsnæðislán 101 og verður í Borgartúni 21 þar sem Íbúðalánasjóður er til húsa.




www.ils.is   569 6900   9–16

## Húsnæðislán 101

Íbúðalána sjóður

**Hvað þarf ég að vita áður en ég tek húsnæðislán?**

Opinn fræðslufundur í húsakynnum Íbúðalánasjóðs í Borgartúni 21, miðvikudaginn **13. mars frá kl. 17-18.** Aðgangur er ókeypis og boðið verður upp á léttar veitingar.

**Skráning og nánari upplýsingar á www.ils.is**

**Aðgengi að húsnæði fyrir alla**

*Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hlutverk okkar er að stuðla að stöðugleika á húsnæðismarkaði og tryggja almenningi aðgengi að viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði. Hlutverk húsnæðissviðs Íbúðalánasjóðs er að veita einstaklingum og fjölskyldum á Íslandi hlutlausa og heiðarlega fræðslu og ráðgjöf í húsnæðismálum.*

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### Bílar til sölu



**TILBOÐ 1 MILLJ. STGR. !**
Reneult Scenic III 2013 ssk, disel, ekinn 85 þús, 5 manna frábær fjölskyldubíll. Fæst á 1 millj. stgr. Hjördís 896-0753

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pipulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Felli tré og grysja og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**JD FLUTNINGAR.**
Flutningaþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki: vöruflutningaþ.,búslóðafl.,sorpuf. og fl. S: 7868899 jdflutningar@jdflutningar.is

### Bókhald

**RÁÐGJÖF.**
Vantar þig fyrirtækja aðstoð s.s. Fjármál, sölumál, markaðsmál, starfsmannamál eða almenna fyrirtækjaráðgjöf. Margra ára reynsla í fyrirtækjarekstri.
**Hafðu samb. í 8211000 Guðlaugur eða laugim66@gmail.com**
**Kynntu þér málið.**

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

### Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
Sprunguviðgerðir - Múrviðgerðir
Stymplun bílaplana. Málun.
**BDG ehf s. 618 7712**

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu




Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**
**Upplýsingar í síma 782 8800**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vigsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Húsnæði óskast

Óska eftir litilli íbúð á leigu í rvk (ekki 101), skilvísri og góðri umgengni heitið. Uppl. s: 847-0919

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

**JÁRNABINDINGAR / IRON JOB**
Vantar vana járnamenn. Mikil vinna. Uppl. í s. 897 1995 og jarnaverk@internet.is




GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar






**Honda CR-V Elegance dísil**
Nýskráður 5/2017, ekinn 65 þús.km., dísel, sjálfskiptur. Ný vetrardekk fylgja
Ásett kr. 4.290.000
Tilboð
kr. 3.730.000
Afborgun kr. 48.464 á mánuði




**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 6/2017, ekinn 27 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Ný vetrardekk fylgja
Ásett kr. 2.290.000
Tilboð
kr. 1.990.000
Afborgun kr. 25.931 á mánuði




**Honda Civic Comfort**
Nýskráður 7/2017, ekinn 33 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Ný vetrardekk fylgja.
Ásett kr. 2.790.000
Tilboð
kr. 2.430.000
Afborgun kr. 31.629 á mánuði




**Honda Jazz Dynamic**
Nýskráður 6/2018, nýtt ökutæki, bensín, sjálfskiptur. Sýningarbíll frá umboðinu.
Ásett kr. 3.390.000
Tilboð
kr. 2.990.000
Afborgun kr. 38.881 á mánuði




**Honda CR-V Lifestyle** 7 manna
Nýskráður 10/2018, ekinn 2 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Sýningarbíll frá umboðinu.
Ásett kr. 6.640.000
Tilboð
kr. 5.990.000
Afborgun kr. 77.732 á mánuði

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is


### Skemmtanir




## Fasteignir




## Námskeið


**Stangveiðimenn/konur athugið**

Námskeið í flugeköstum hefst sunnudaginn 10. mars
í TBR húsinu, Gnoðarvogi 1, kl. 20:00.
**Kennt verður 10, 17, 24 og 31. mars.**
Námskeiðin eru þessir fjórir sunnudagar.
Við leggjum til stangir, skráning á staðnum, gegn greiðslu.
Tökum greiðslukort.
Mætið tímanlega, munið eftir inniskóm.
**Verð 18.000 kr en 16.000 kr til félagsmanna.**
**Uppl. í s. 894 2865 Gísli . KKR, SVFR & SVH**


## Tilkynningar


**www.yaakovswell.net**

Here you will find a series of studies
of the Blessed Torah.

All the material is completely free. You may
download it, copy it and give it away.

**www.yaakovswell.net**








GLÆNÝ OG FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU

Job.is




1990.-




1999.-




2990.-

OPIÐ KL. 10 – 21 ÖLL KVÖLD

# BÓKA MARKAÐURINN

*Laugardalsvelli*

# SÍÐASTA HELGIN!

LÝKUR 10. MARS

ÓTRÚLEGT ÚRVAL • ÞÚSUNDIR TITLA




1490.-




490.-




2790.-




990.-




990.-




990.-




490.-




2490.-

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT

## Gullbrúðkaup



**Ari og Anna Hjörvar**

Í dag, 8. mars 2019, eiga þau heiðurshjón gullbrúðkaupsafmæli.

Dæturnar Sjöfn og Anna Björk ásamt mökum og börnum óska þeim innilega til hamingju með daginn og hlakka til að eyða kvöldinu með þeim.

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kamma Karlsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi föstudaginn 1. mars. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 12. mars kl. 13.30.

**Atli Guðlaugsson — Halldóra J. Bjarnadóttir**
**Rósa Lára Guðlaugsdóttir — Eiríkur S. Jóhannesson**
**Hulda Guðbjörg Guðlaugsd. — Ólafur S. Sigurjónsson**
**Svala Guðlaugsdóttir — Christian M. Iversen**
**Guðlaug Berglind Guðlaugsdóttir — Dennis Thögersen**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



**Eiríkur Bjarnason**
augnlæknir

lést 2. febrúar 2019. Útför Eiríks fór fram í kyrrþey að ósk hins látna þann 4. mars.

**Auðun Eiríksson — Mona Hitterdal**
**Erla Auðunsdóttir**
**Gerður Auðunsdóttir**
**Kristín Auðunsdóttir**
**Brynja Bjarnadóttir**
**Lára V. Albertsdóttir**

---



Elskulegur faðir okkar,

**Gunnar A. Ottósson**
Hringbraut 50, Reykjavík,
áður Ólafsvík,

lést 27. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 11. mars kl. 13.

**Þorbjörg Kristín Gunnarsdóttir**
**Árni Freyr Gunnarsson**

---



Elskuleg móðir mín, systir, mágkona og frænka,

**Anna Jóhannsdóttir**
frá Steinum,
Kleppsvegi 58, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli miðvikudaginn 6. mars. Útför auglýst síðar.

**Jóhann Elí**
**Guðmunda Jóhannsdóttir — Sigurður Gunnsteinsson**
**Jóna M.R. Jóhannsdóttir — Ólafur Haraldsson**
**og systrabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét S. Karlsdóttir**
ljósmóðir,
Holtsgötu 41, Ytri-Njarðvík,

lést á Landspítalanum, Fossvogi, fimmtudaginn 7. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 19. mars klukkan 13.

**Svavar Herbertsson**
**Jóna Karlotta Herbertsdóttir**
**Sigmundur Már Herbertsson — Sigurbjörg E.Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Húsið var upphaflega heimavist fyrir nemendur Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni.

# Húsið á sér mikla sögu

**Ungmennafélag Íslands flytur hluta starfsemi sinnar á Laugarvatn í sumar og opnar þar Ungmenna- og tómstundabúðir í haust. Samningur um það var undirritaður í gær.**



Auður Inga hefur verið framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands frá 2015, áður var hún formaður Gerplu og gerði sig gildandi í fimleikum sem keppandi frá unga aldri og síðar dómari, meðal annars á alþjóðlegum mótum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Við erum að taka við íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni. Bláskógabyggð á húsið og leigir okkur það, út á það gengur samningurinn okkar á milli,“ segir Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands, (UMFÍ) sem skrifaði undir téðan samning í gær. Hún segir UMFÍ ætla að fara með mjög sértækt verkefni að Laugarvatni sem eru ungmennabúðir fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla landsins. „Þá koma unglingarnir hingað og dvelja frá mánudegi til föstudags, slökkva á símunum sínum og eru í útivist og félagsfærni alla skólavikuna. Einhver gæti kallað þetta nútímanúvitund!“ lýsir hún og segir íþrótta- og ungmennafélög einnig fá tækifæri til að nýta sér aðstöðuna í húsinu. „Svo munum við að sjálfsögðu leigja tíma í íþróttahúsinu á Laugarvatni af sveitarfélaginu,“ bætir hún við.

Síðustu fimmtán ár hefur UMFÍ verið með ungmennabúðirnar á Laugum í Sælingsdal í Dalabyggð. „Okkur hefur liðið gífurlega vel á Laugum en mér skilst að það standi til að selja húsnæðið þar,“ segir Auður og upplýsir að aðsóknin hafi aukist ár frá ári og í vetur séu 2.100 nemendur úr yfir 50 grunnskólum bókaðir þar.

> **Þá koma unglingarnir hingað og dvelja frá mánudegi til föstudags, slökkva á símunum sínum og eru í útivist og félagsfærni alla skólavikuna. Einhver gæti kallað þetta nútíma-núvitund.**

En hvernig hús er íþróttamiðstöðin á Laugarvatni og hvaða hlutverki hefur það þjónað? „Upphaflega var það heimavist fyrir nemendur íþróttakennaraskólans þegar hann byrjaði. Húsið á sér mikla sögu og allnokkrir aðilar hafa komið að rekstri þess á mismunandi tíma,“ lýsir Auður. „Hér hefur áður verið rekin íþróttamiðstöð á vegum UMFÍ, ÍSÍ og menntamálaráðuneytisins, hún var á tímabili fræðslumiðstöð, notuð fyrir námskeið, æfingabúðir og ýmsa íþróttatengda starfsemi. Í samræmi við aldur hússins er ýmislegt komið á tíma og endurbætur eru byrjaðar þar nú þegar. Það er fullt af iðnaðarmönnum í augnablikinu að gera við og græja.“

gun@frettabladid.is

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristrún Grímsdóttir**
Árskógum 8, Reykjavík,

andaðist laugardaginn 2. mars á Landspítalanum í Fossvogi. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 12. mars kl. 13.00.

**Brynjólfur Kristinsson**
**María Jóna Einarsdóttir — Hreggviður Hreggviðsson**
**Hallgrímur Árni Ottósson — Ástrós Gunnarsdóttir**
**Kristín Guðný Ottósdóttir**
**Viktoría Eyrún Ottósdóttir**
**Valgerður Ósk Ottósdóttir**
**Kolbrún A. Kvaran — Kristinn Brynjar Bjarnason**
**Jón Rúnar A. Kvaran — Helga Valgerður Skúladóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



Elskulegur sonur okkar, bróðir, fósturfaðir, sambýlismaður og stjúpfaðir,

**Steinar Nóni Hjaltason**

lést laugardaginn 2. mars. Útförin fer fram frá Selfosskirkju mánudaginn 11. mars kl. 13.00.

**Hjalti Hafsteinsson — Sigríður Jónsdóttir**
**Hrefna Björk Sigurðardóttir**
**Unnar Már Hjaltason**
**Gunnhildur Rán Hjaltadóttir**
**Særún Eva Hjaltadóttir**
**Jenný Björk Ragnarsdóttir**
**Kristrún Eva Róbertsdóttir**
**Gabríel Róbert Atlason**
**Maríana Ósk Atladóttir**



# Brahms
# Bruckner
# Mendelssohn

## RÓMANTÍSK KÓR- OG ORGELTÓNLIST





**SUNNUDAGINN 10. MARS KL. 17**
**í HALLGRÍMSKIRKJU**

Mótettukór Hallgrímskirkju flytur rómantíska kórtónlist eftir Bruckner, Mendelssohn, Brahms o.fl. Mjög falleg efnisskrá í samspili kórs og orgels ásamt einsöng Ástu Marýjar Stefánsdóttur sóprans sem vann fyrstu verðlaun í söngkeppninni Vox Domini 2018.

MIÐAVERÐ:
**3.900 KR. / 2.500 KR.**

Miðasala í Hallgrímskirkju, opnunartímar eru kl. 9:00-17:00, og á midi.is

FLYTJENDUR:
**Mótettukór Hallgrímskirkju**

**Ásta Mary Stefánsdóttir**, *sópran*
**Björn Steinar Sólbergsson**, *organisti í Hallgrímskirkju*

Stjórnandi: **Hörður Áskelsson,** *listrænn stjórnandi Hallgrímskirkju*

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU
37. STARFSÁR
listvinafelag.is, motettukor.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Reykjavík 0 °C 9
Ísafjörður -7 °C 4
Akureyri -5 °C 5
Egilsstaðir -2 °C 1
Kirkjubæjarkl -1 °C 14
Hveravellir -8 °C 4

Austan 15-23 S-lands, hvassast og snjókoma eða slydda syðst, en mun hægari og víða bjart N- og A-lands. Hiti 0 til 4 stig syðst , en annars frost 1 til 8 stig, kaldast inn til landsins. Kaldara yfir nóttina, einkum í innsveitum NA-til.

Gul viðvörun

## Laugardagur

Reykjavík 1 °C 3
Ísafjörður -4 °C 4
Akureyri -2 °C 6
Egilsstaðir 1 °C 5
Kirkjubæjarkl 1 °C 11
Hveravellir -6 °C 8

## Sunnudagur

Reykjavík 0 °C 6
Ísafjörður -6 °C 2
Akureyri -10 °C 1
Egilsstaðir -4 °C 4
Kirkjubæjarkl 0 °C 3
Hveravellir -5 °C 5

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 3 | 9 | | | | 6 | |
| 2 | | | 7 | 4 | 8 | | 9 | 1 |
| 8 | | 4 | | | | | | 2 |
| | | 6 | | 7 | | | | 8 |
| 5 | | | | | | 4 | | |
| | | | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | |
| | 5 | | | 1 | | 2 | 4 | 3 |
| | | 1 | 4 | 5 | | | | 9 |
| | 8 | | 6 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | 8 | | | 9 | 5 |
| 5 | | | 3 | 9 | | 1 | | |
| | | | | | | 7 | 2 | |
| | | | 4 | | 9 | | 8 | |
| | 1 | | 2 | | 5 | | 6 | |
| | 4 | | | 7 | 8 | | | 1 |
| 4 | | 7 | | | | | 1 | |
| | 6 | 3 | | 2 | 7 | | | |
| 1 | 8 | | | | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 4 | | | |
| 8 | | | | 9 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 3 | | 9 |
| | | | 7 | | | 9 | 4 | |
| 9 | | | | | | | | 2 |
| | | 7 | 8 | 1 | | 5 | | |
| 7 | | 9 | 4 | | 2 | | | 8 |
| | 5 | | | 8 | | 4 | | |
| 4 | | | 9 | | 6 | | 3 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. kjötstykki
5. kk nafn
6. óð
8. lítilsvirða
10. í röð
11. hópur
12. band
13. síll
15. brúkun
17. flugfar

**LÓÐRÉTT**
1. krókus
2. stampur
3. málmur
4. mættir
7. lausn
9. drabba
12. glundur
14. mærð
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** steik, **5.** ari, **6.** ær, **8.** forsmá, **10.** fg, **11.** lið, **12.** garn, **13.** alur, **15.** notkun, **17.** flaug.
**LÓÐRÉTT: 1.** saffran, **2.** trog, **3.** eir, 4. kæmir, **7.** ráðning, **9.** slarka, **12.** gutl, **14.** lof, **16.** uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Héðinn Steingrímsson (2.561) átti leik gegn Aleksey Sorokin (2.531) á Spring Chess Classic í St. Louis.

**Hvítur á leik**



**23. Dd2! Tvöföld hótun. Hótar bæði 23. Dxa5 og 23. Dh6.**

Svartur gaf. Héðinn hefur ekki byrjað vel á mótinu þrátt fyrir þennan sigur og hefur 1½ vinning eftir 5 umferðir. HM landsliða fer fram þessa dagana í Astana í Kasakstan.
**www.skak.is**
Bikarsyrpa TR hefst í kvöld.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 7 | 2 | 3 |
| 2 | 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 | 3 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 5 | 3 | 1 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 8 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 | 4 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 7 | 9 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 9 | 7 | 3 |
| 7 | 1 | 9 | 6 | 2 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 4 | 2 | 7 | 6 | 5 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 5 | 6 | 8 | 4 |
| 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 | 7 | 9 |
| 8 | 7 | 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 6 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 | 9 | 5 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

### Lenti í hættulegustu aðstæðunum á Íslandi



**Ása Steinarsdóttir** er með tvær háskólagráður og nærri 130 þúsund fylgjendur á Instagram. Hún ruddi sér leið í karlaheimi náttúruljósmyndunar.



### Taka sitt pláss

**Ísabel, Erna** og **Salka Ýr** skipta með sér hlutverki Matthildar í samnefndum söngleik. Þær segja farsælast að vera maður sjálfur og láta engan og ekkert buga sig.

### Kona í karlaheimi bankans



**Kristalina Georgieva,** starfandi forseti Alþjóðabankans, rifjar upp hvernig það var að vera kona í karlaheimi bankans í byrjun tíunda áratugarins. Með jafnara kynjahlutfalli í dag séu teknar betri ákvarðanir.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


PEUGEOT
ELIS TOUCH
VÍNFLÖSKU
OPNARI
50%
FULLT VERÐ............14.995
KYNNINGARTILBOÐ...7.495
MEÐ HLEÐSLURAFHLÖÐU
SLÉTTUBURSTI
ARTIST PRO
35%
OBH NORDICA
VERÐ ÁÐUR....9.995
TILBOÐ ..........6.495
KRINGLUKAST
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á WWW.BYGGTOGBUID.IS
MEDISANA
SNYRTISPEGILL
2 in1
25%
VERÐ ÁÐUR...5.995
TILBOÐ .........4.495
DOLCE GUSTO
MINI ME KAFFIVÉL
27%
NESCAFÉ Dolce Gusto
YFIR 30 GERÐIR AF
TE, KAFFI OG KAKÓ!
VERÐ ÁÐUR... 10.995
TILBOÐ ........... 7.995
BODUM KAFFISETT
BRAZIL
40%
VERÐ ÁÐUR...10.995
TILBOÐ ...........6.595
FISSLER ARCANA STEYPUJÁRNSPOTTUR
71%
VERÐ ÁÐUR... 34.995
TILBOÐ ........... 9.995
KYNNINGAR
AFSLÁTTUR
PEUGEOT SALT OG PIPARKVARNIR
25%
OBH NORDICA
KAFFIVÉL CAFÉ INOX
30%
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐt........6.995
30%
ALLIR KAI HNÍFAR
KAI
RYKSUGUVÉLMENNI
HREIN
SNILLD!
25%
ÞÚ SPARAR
25.000
iRobot
ROOMBA 891
VERÐ ÁÐUR... 99.995
TILBOÐ ......... 74.995
MEDISANA
NUDDPÚÐI
25%
SHIATSU
VERÐ ÁÐUR....7.995
TILBOÐ ..........5.995
dyson
SKAFT
RYKSUGA
KAUP
AUKI
AUKAHLUTASETT
FYRIR BÍLINN OG
HEIMILIÐ FYLGIR
25%
VERÐ ÁÐUR...59.995
TILBOÐ .........44.995









Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur. Breskir og þýskir gagnrýnendur taka hinni merku skáldsögu hans 79 af stöðinni fagnandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# 79 af stöðinni hrósað í Bretlandi

**Arnaldur Indriðason, sonur höfundarins, skrifar formála. Skáldsagan sögð vera lítil perla með áhrifamiklum myndum.**

Skáldsagan 79 af stöðinni eftir Indriða G. Þorsteinsson kom nýverið út á ensku hjá forlaginu Williams and Whiting undir titlinum Cab 79. Sonur Indriða, Arnaldur Indriðason glæpasagnahöfundur, ritar formála og Andy Lawrence fjallar um kvikmyndina sem gerð var á sínum tíma eftir bókinni með Gunnari Eyjólfssyni og Kristbjörgu Kjeld í aðalhlutverkum. Forlagið Williams and Whiting hefur getið sér gott orð í Bretlandi fyrir útgáfubækur sínar en þau hafa að stefnu að endurheimta og gefa út klassísk verk sem hafa verið ófáanleg um einhverja hríð.



Arnaldur Indriðason.

Í samtali við Fréttablaðið segir Arnaldur: „Útgefandi Indriða í Bretlandi bað mig um að skrifa nokkur aðfararorð og ég reyndi að koma því til skila að faðir minn skrifaði um þá miklu breytingatíma sem urðu í lífi þjóðarinnar um og eftir stríð, og hann upplifði sjálfur, þegar fólk flutti úr sveitinni og á mölina. Hvernig 79 af stöðinni segir frá rótleysinu sem þeim breytingum fylgdi og hvernig var of seint að snúa til baka.“

Arnaldur er spurður hvenær hann hafi fyrst lesið bókina. „Ég var mjög ungur og hún hefur verið í miklu uppáhaldi síðan svo ekki sé minnst á bíómyndina með Gunnari og Kristbjörgu og lagið úr henni sem Elly söng svo vel. Síðan hefur maður gert sér betri grein fyrir því að Indriði var skáld sinna tíma og var í mun að fjalla um þá áður en þeir hurfu í gleymsku.“

Bókin fær firnagóðar viðtökur hjá gagnrýnanda á vefmiðlinum European Literature Network sem kallar bókina litla perlu og segir hana draga upp ljóslifandi mynd af fólki á umbrotatímum, textinn sé lágstemmdur en varpi upp áhrifamiklum myndum af uppgjöri milli nýrra tíma og fornra hefða. Þýðandinn, Quentin Bates, fær einnig hrós fyrir ferska og blæbrigðaríka þýðingu.

Þegar bókin kom út á þýsku máttu gagnrýnendur þar í landi vart vatni halda af hrifningu og fóru fögrum orðum um „hinn íslenska Hemingway“, knappan stíl, nákvæmni og skerpu skáldsins. Var bókin einnig tilnefnd á stuttlista bókmenntaverðlauna óháðra forlaga í Þýskalandi.

Spurður um þessar góðu viðtökur segir Arnaldur: „Það er auðvitað mjög ánægjulegt að 79 af stöðinni skuli hafa komið út á þýsku og núna á ensku í mjög vönduðum þýðingum. Það sýnir þann áhuga sem útgefendur eru farnir að veita íslenskum höfundum. Þar eru nýir höfundar náttúrulega mest áberandi en vonandi verður líka sjónum beint að þeim gömlu því það leynist mikill fjársjóður í íslenskum rithöfundum og ljóðskáldum síðustu aldar, sem því miður vilja gleymast alltof fljótt.“ **Kolbrún Bergþórsdóttir**

## Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

**8. MARS 2019**



**Elísabet Jökulsdóttir býður upp á ljóðalestur í Iðnó í kvöld.**

**Hvað?** Nornaseiður
**Hvenær?** 20.00-23.00
**Hvar?** Iðnó
Föstudagssýningin verður sneisafull af sterkum og flottum konum á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Elísabet Jökulsdóttir býður upp á ljóðalestur og Bára Halldórsdóttir fer í hinn vinsæla karakter sinn Snæuglu og spáir í tarot-spil á meðan kona hennar, Hrafna, myndar mannskapinn. Hægt verður að kaupa einkalestra, einkasöng eða spálestur gegn pókermynt sem kostar 750 krónur.

**Hvað?** Málþing um valdeflingu, virkni og lífsgæði eldri borgara
**Hvenær?** 09.00-12.30
**Hvar?** Tómstunda- og félagsmálafræði HÍ, Stakkahlíð
Í tilefni Tómstundadagsins 2019 standa námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði við menntavísindasvið Háskóla Íslands og Landssamband eldri borgara fyrir málþingi í dag, föstudaginn 8. mars, kl. 9.00-12.30 í Skriðu, menntavísindasviði Háskóla Íslands við Stakkahlíð. Yfirskriftin er Eldri borgarar: Valdefling – Virkni – Lífsgæði. Dagskrá málþingsins samanstendur af erindum frá eldri borgurum, fagfólki á vettvangi sem og fræðafólki og háskólanemum.




**Hvað?** Loftslagsverkfall
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** Austurvöllur
Verkfallið er innblásið af hinni sænsku Gretu Thunberg, en skólaverkfall hennar hefur vakið mikla athygli. Nú þegar hafa tugþúsundir ungmenna farið að hennar fordæmi og flykkst út á götur til að mótmæla aðgerðaleysi stjórnvalda í baráttunni við loftslagsbreytingar, m.a. í Belgíu, Bretlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu, Þýskalandi og Svíþjóð.

**Hvað?** Áfallasaga kvenna – fyrstu niðurstöður
**Hvenær?** 12.00-13.15
**Hvar?** Íslensk erfðagreining, Sturlugötu 8
Á einu ári hafa um 30.000 konur á Íslandi skráð sig til þátttöku í rannsókninni Áfallasaga kvenna en skráning nýrra þátttakenda stendur yfir fram á vor. Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna í dag, 8. mars, boða aðstandendur rannsóknarinnar til opins kynningarfundar um fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar og framtíðaráform. Fundurinn verður kl. 12-13.15 í fundarsal Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8. Allir hjartanlega velkomnir.

# Hörpuleikarar með vígtennur

**TÓNLIST**

**Kammertónleikar**
★★★★½

**Elísabet Waage og Katie Buckley fluttu verk eftir C.W.V. Gluck, C. Salzedo, J. Thomas, B. Andrés og Kolbein Bjarnason.**

**Salurinn í Kópavogi**
sunnudaginn 3. mars



**„Leikur þeirra var í hvívetna hreinn og tær," segir gagnrýnandinn.**

Ég hef heyrt að eina leiðin til að fá tvo gítarleikara til að spila hreint sé að skjóta annan þeirra. Ekki er ljóst hvort þetta á jafnframt við um tvo hörpuleikara sem líka plokka strengi. Ég fann a.m.k. aldrei til löngunar til að draga upp skammbyssu á tónleikunum í Salnum í Kópavogi á sunnudagskvöldið. Þar komu fram tveir hörpuleikarar, þær Katie Buckley og Elísabet Waage. Leikur þeirra var í hvívetna hreinn og tær, tæknileg atriði voru ávallt eins og best verður á kosið.

Sagt hefur verið að hörpuleikur eigi það sameiginlegt með hjónabandi að hvort tveggja virðist auðvelt þar til maður prófar það. Áreynsluleysi einkenndi vissulega spilamennskuna í fyrsta verki dagskrárinnar, sem var ballett úr óperunni Orfeo eftir Gluck. Tónlistin passaði dálítið inn í klisjuna um hörpuleikinn, sem margir ímynda sér að sé alltaf krúttlegur og hljómþýður; harpan er jú hljóðfæri englanna.

Næsta tónsmíðin á efnisskránni kollvarpaði hressilega þeirri mýtu. Um var að ræða Pentacle Suite eftir Carlos Salzedo, sem var franskur hörpuleikari á fyrri hluta aldarinnar sem leið. Markmið hans var að láta krúttin sýna tennurnar. Hann vildi víkka út tjáningarmöguleika hljóðfærisins, taka hið grófa, hráa og jafnvel hið ljóta inn í myndina.

Svítan er í fimm köflum og þar er komið víða við. Hvassir hljómar í upphafi fengu englana til að hágráta, og einn kaflinn, sem var helgaður veröld katta, var svo fyndinn að undirritaður skellti upp úr. Með því að bjaga tónhæð nokkurra strengja var líkt eftir mjálmi, og það var ótrúlega sannfærandi. Í heild var verkið grípandi, litríkt og fullt af skemmtilegum andstæðum sem þær Katie og Elísabet útfærðu af fagmennsku, innlifun og tæknilegum yfirburðum.

Ekki síðri voru Þrjár etýður ásamt bakþanka eftir Kolbein Bjarnason. Líkt og í tónsmíðinni á undan voru möguleikar hörpunnar þandir út, og var notkun hennar sem slagverk áberandi í fyrsta kaflanum. Hann var ómstríður en að sama skapi þrunginn hrífandi ákefð. Í dulúðugum öðrum kaflanum leystist tónlistin upp í andstæðu sína, en þar var leikið á ystu nöf hins heyranlega. Þetta var eins konar næturljóð tóna og hljóma sem virtust í órafjarlægð í náttmyrkrinu. Þriðji kaflinn var fjörlegur og flæðandi, en bakþankinn, sem var stuttur og þungbúinn, setti alla tónlistina í alvöruþrungið heildarsamhengi. Almennt talað var verk Kolbeins glæsilegt, áleitið og auðheyrilega innblásið. Mann langaði strax til að hlýða á það aftur.

Næsta verk var ekki eins innihaldsríkt. Cambria, sem byggir á velskum þjóðlögum eftir John Thomas, var í rómantískum stíl og tuggurnar voru allsráðandi. Það var þó glæsilega flutt, þarna var fullt af hröðum tónahlaupum sem oftast voru óaðfinnanlega leikin. Laglínurnar voru skýrt markaðar, fullar af lífi.

Parvis, eins konar dans, eftir Bernard Andrés var skemmtilegri, dramatískur og með spennandi framvindu. Hápunktarnir voru glæsilegir og einnig þar var sleginn taktur á hörpuna, sem var svo sannarlega eggjandi. Hann hafði þau áhrif að maður hálfpartinn dansaði út í nóttina á eftir. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Afar forvitnilegir tónleikar með heillandi tónlist og flottri spilamennsku.



## Þjóðleikhúsið — 551 1200 • leikhusid.is

### Ronja Ræningjadóttir — Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 10.03 | kl. 13:00 U | Sun 24.03 | kl. 16:00 U | Sun 14.04 | kl. 13:00 U | Sun 05.05 | kl. 16:00 U |
| Sun 10.03 | kl. 16:00 U | Sun 31.03 | kl. 13:00 U | Sun 14.04 | kl. 16:00 U | Sun. 12.05 | kl 13:00 U |
| Sun 17.03 | kl. 13:00 U | Sun 31.03 | kl. 16:00 U | Sun 28.04 | kl 13:00 U | Sun. 12.05 | kl. 16:00 Ö |
| Sun 17.03 | kl. 16:00 U | Sun 07.04 | kl. 13:00 U | Sun 28.04 | kl. 16:00 U | Sun. 19.05 | kl. 13:00 Ö |
| Sun 24.03 | kl. 13:00 U | Sun 07.04 | kl. 16:00 U | Sun 05.05 | kl. 13:00 U | Sun. 19.05 | kl. 16:00 |

### Einræðisherrann — Stóra sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 08.03 | kl 19:30 U | Lau.23.03 | kl 19:30 Ö | Fös. 05.04 | kl 19:30 |
| Lau. 09.03 | kl 19:30 U | Fös. 29.03 | kl 19:30 Ö | | |

### Jónsmessunæturdraumur — Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim. 07.03 | kl. 19:30 U | Lau. 16.03 | kl. 19:30 U | Lau. 30.03 | kl 19:30 U | Fös. 12.04 | kl 19:30 |
| Fös. 15.03 | kl 19:30 U | Fös. 22.03 | kl. 19:30 U | Lau. 06.04 | kl. 19:30 | | |

### Þitt eigið leikrit — Kúlan

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim.07.03 | kl. 18:00 U | Sun. 17.03 | kl. 15:00 U | Sun. 24.03 | kl 15:00 U | Sun.31.03 | kl 17:00 U |
| Fös. 08.03 | kl. 18:00 U | Sun. 17.03 | kl. 17:00 U | Sun. 24.03 | kl 17:00 U | Lau 06.04 | kl. 15:00 Ö |
| Lau 09.03 | kl. 15:00 U | Lau 23.03 | kl 15:00 U | Lau. 30.03 | kl 15:00 U | Sun 07.04 | kl. 15:00 |
| Lau 09.03 | Kl. 17:00 U | Lau 23.03 | Kl. 17:00 U | Sun 31.03 | kl. 15:00 U | | |

### Súper — Kassinn

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 16.03 | kl. 19:30 U | Mið 27.03 | kl. 19:30 U | Fim.04.04 | kl. 19:30 U | Fös. 12.04 | kl. 19:30 Ö |
| Mið. 20.03 | kl. 19:30 U | Fim. 28.03 | kl. 19:30 U | Lau 06.04 | kl. 19:30 Au | | |
| Fim. 21.03 | kl. 19:30 U | Lau. 30.03 | kl. 19:30 U | Mið 10.04 | kl. 19:30 Au | | |
| Fös. 22.03 | kl. 19:30 U | Mið. 03.04 | kl. 19:30 U | Fim 11.04 | kl. 19:30 Ö | | |

### Mið-Ísland — Leikhúskjallarinn

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim. 07.03 | kl. 19.30 U | Fös. 08.03 | Kl. 22.00 U | Lau 09.03 | Kl. 22.00 | Fös 15.03 | kl. 19:30 U |
| Fös. 08.03 | kl. 19.30 U | Lau 09.03 | kl. 19:30 Ö | Fim 14.03 | kl. 21:00 | Fös 15.03 | Kl. 22:00 U |

### Improv — Leikhúskjallarinn

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Mið. 06.03 | kl. 20:00 | Mið 20.03 | kl. 20:00 | Mið 03.04 | kl. 20:00 |
| Mið. 13.03 | kl. 20:00 | Mið 27.03 | kl. 20:00 | | |

### Bara góðar — Leikhúskjallarinn

| | |
|---|---|
| Sun.17.03 | kl. 20:00 |

### Dimmalimm — Brúðuloftið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 14.03 | Kl. 14.00 | Lau 23.03 | Kl. 14.00 | Lau 30.03 | Kl. 14.00 |

## Borgarleikhúsið — 568 8000 • borgarleikhus.is

### Matthildur — Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þri 12.03 | Kl 19:00 UF | Fös 22.03 | Kl 19:00 U | Sun 07.04 | Kl 19:00 U | Fös 26.04 | Kl 19:00 U |
| Mið 13.03 | Kl 19:00 UF | Lau 23.03 | Kl 19:00 U | Mið 10.04 | Kl 19:00 U | Sun 28.04 | Kl 19:00 U |
| Fim 14.03 | Kl 19:00 UF | Sun 24.03 | Kl 19:00 U | Fös 12.04 | Kl 19:00 U | Þri 30.04 | Kl 19:00 U |
| Fös 15.03 | Kl 19:00 U | Mið 27.03 | Kl 19:00 U | Lau 13.04 | Kl 13:00 U | Fim 02.05 | Kl 19:00 Ö |
| Lau 16.03 | Kl 19:00 U | Fim 28.03 | Kl 19:00 U | Sun 14.04 | Kl 19:00 U | Mið 08.05 | Kl 19:00 Ö |
| Sun 17.03 | Kl 19:00 U | Sun 31.03 | Kl 19:00 U | Þri 16.04 | Kl 19:00 U | Fim 09.05 | Kl 19:00 Ö |
| Mið 20.03 | Kl 19:00 U | Mið 03.04 | Kl 19:00 U | Mið 24.04 | Kl 19:00 U | | |
| Fim 21.03 | Kl 19:00 U | Fös 05.04 | Kl 19:00 U | Fim 25.04 | Kl 19:00 Ö | | |

### Elly — Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 08.03 | Kl. 20:00 U | Lau 13.04 | Kl. 20:00 Ö | Fös 17.05 | Kl. 20:00 Ö | Lau 15.06 | Kl. 20:00 ÖL |
| Lau 09.03 | Kl. 20:00 U | Lau 27.04 | Kl. 20:00 Ö | Fös 24.05 | Kl. 20:00 | | |
| Lau 30.03 | Kl. 20:00 U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 Ö | Fös 31.05 | Kl. 20:00 | | |
| Lau 06.04 | Kl. 20:00 Ö | Sun 12.05 | Kl. 20:00 | Lau 08.06 | Kl. 20:00 | | |

### Ríkharður III — Stóra sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 29.03 | Kl. 20:00 U | Fim 04.04 | Kl. 20:00 Ö | Fim 11.04 | Kl. 20:00 ÖL |

### Fólk, staðir og hlutir — Litla sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 07.03 | Kl. 20:00 U | Sun 10.03 | Kl. 20:00 U | Fös 15.03 | Kl. 20:00 Ö |
| Fös 08.03 | Kl. 20:00 U | Mið 13.03 | Kl. 20:00 Ö | Lau 16.03 | Kl. 20:00 Ö |
| Lau 09.03 | Kl. 20:00 U | Fim 14.03 | Kl. 20:00 Ö | Sun 17.03 | Kl. 20:00 ÖL |

### Kvenfólk — Nýja sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 08.02 | Kl. 20:00 Ö | Fös 15.03 | Kl. 20:00 Ö | Sun 30.03 | Kl. 20:00 |
| Lau 09.03 | Kl. 20:00 Ö | Lau 23.03 | Kl. 20:00 | | |

### Kæra Jelena — Litla sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.04 | Kl. 20:00 U | Þrið 24.04 | Kl. 20:00 U | Sun 28.04 | Kl. 20:00 U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 Ö |
| Sun 14.04 | Kl. 20:00 U | Mið 25.04 | Kl. 20:00 U | Fim 02.05 | Kl. 20:00 U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 Ö |
| Þri 16.04 | Kl. 20:00 U | Fim 26.04 | Kl. 20:00 U | Fös 03.05 | Kl. 20:00 U | | |

### Club Romantica — Nýja sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 07.03 | Kl. 20:00 Ö | Sun 10.03 | Kl. 20:00 Ö | Lau 16.03 | Kl. 20:00 | Fös 22.03 | Kl. 20:00 |

### Bæng! — Nýja sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 26.04 | Kl. 20:00 U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 U | Fim 23.05 | Kl. 20:00 Ö |
| Sun 26.04 | Kl. 20:00 U | Fim 09.05 | Kl. 20:00 U | Sun 23.05 | Kl. 20:00 Ö |
| Fös 03.05 | Kl. 20:00 U | Fim 16.05 | Kl. 20:00 U | Fim 30.05 | Kl. 20:00 Ö |

### Kvöldvaka með Jóni Gnarr — Litla sviðið

| | |
|---|---|
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 Ö |

### Allt sem er frábært — Litla sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 04.05 | Kl. 20:00 Ö | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | Lau 11.05 | Kl. 20:00 |

## Saga og sögur af mönnum og málefnum

# Í LJÓSI SÖGUNNAR



Föstudaga kl. 9.05

Vera Illugadóttir fer með þig í ferðalag í tíma og rúmi í þessum vinsæla útvarpsþætti þar sem málefni líðandi stundar eru skoðuð í sögulegu ljósi.



# GRÁR KÖTTUR

Föstudaga kl. 16.05

Hlustendur læðast með Önnu Marsibil Clausen í kringum menn og málefni í leit að hugljómunum, nýjum sjónarhornum og sögum sem skipta máli.

# FRJÁLSAR HENDUR



Sunnudaga kl. 23.10

Illugi Jökulsson spjallar um hvaðeina milli himins og jarðar, oft af sögulegu tagi, les forvitnilega texta úr ýmsum áttum, bæði íslenska og erlenda.



## Hvar og hvenær sem þér hentar

Þú finnur uppáhaldsþættina þína í hlaðvarpi, spilara RÚV, á ruv.is eða í nýjum öppum RÚV fyrir snjalltæki.

RÁS 1 fyrir forvitna




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2012-2013 Reykjanesbær - Akranes**
**14.00 Úr Gullkistu RÚV. 91 á stöðinni**
**14.20 Ýmsar hliðar húðflúrs**
**14.50 Úr Gullkistu RÚV. Hljómsveit kvöldsins Bubbi**
**15.20 Landinn3. mars**
**15.50 Söngvakeppnin Úrslit**
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.05 KrakkaRÚV**
**18.06 Hvergidrengir**
**18.30 Sögur - Stuttmyndir**
**Töfraálfurinn** Stuttmynd eftir handriti sem Fura Liv Víglundsdóttir sendi inn í Sögur. Handrit: Fura Liv Víglundsdóttir. Leikstjórn: Hafsteinn Vilhelmsson. Myndataka og klipping: Magnús Atli Magnússon. Hljóðupptaka: Hrafnkell Sigurðsson. Framleiðsla: Gunnar Ingi Jones. Persónur og leikendur: Töfraálfurinn, Salka Sól Eyfeld; Elsa, Júlía Guðrún Lovísa Henje; Maggi, Bjarki Kjærnested; Skúli, Kolviður Gísli Helgason; Kennari, Ragnheiður Sigurðardóttir Bjarnarson. Aukaleikarar: Aníta Dögg Antonsdóttir, Arnar Ingi Bjarnason, Ásbjörn Freyr Österby Eyþórsson, Ásthildur Óskarsdóttir, Ástríður Embla Rögnvaldsdóttir, Elín Eyþóra Sverrisdóttir, Emil Ingo Lupnaav Atlason, Gabríel Sölvi Skarphéðinsson, Hallmundur Víðir Eyjólfsson, Hugrún Erla Gunnarsdóttir, Íris Helena Ólafsdóttir, Karólína María Sigurðardóttir, Kjartan Ingólfsson, Kristbjörg Erlingsdóttir, Kristinn Hrafn Daníelsson, Kristinn Örn Helguson, Kristín Þ. Matthíasdóttir Haarde, Nojus Visinskas, Óliver Grétar Glastonbury, Seifur Ísak Kjartansson, Snorri Már Arnarsson, Stefanía Agnes Benjamínsdóttir, Veigar Jóhann Pálsson, Vigdís Elísabet Bjarnardóttir, Þórdís Eva Elvarsdóttir.
**18.35 Krakkafréttir vikunnar**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Gettu betur FSu - Kvennó** Bein útsending frá seinni undanúrslitum í spurningakeppni framhaldsskólanna sem einkennist af stemningu, spennu og virkri þátttöku allra í salnum. Spurningahöfundar og dómarar eru Ingileif Friðriksdóttir, Vilhelm Anton Jónsson og Sævar Helgi Bragason. Spyrill er Kristjana Arnarsdóttir.
**20.55 Vikan með Gísla Marteini**
**21.40 Séra Brown**
**22.30 Norrænir bíódagar. Bekkurinn** Dönsk kvikmynd frá árinu 2000 um Kaj, drykkfelldan mann sem þarf skyndilega að horfast í augu við fortíð sína þegar dóttir hans, sem hann hefur ekki séð í 19 ár, flytur í næsta nágrenni við hann ásamt ungum syni sínum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.00 Poirot - Dauði frú McGinty**
**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 Family Guy**
**14.10 The Voice US**
**14.55 Ally McBeal**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 Younger**
**19.30 The Voice US**
**21.00 The Bachelor**
**22.30 Die Hard. With a Vengeance**
**00.35 The Tonight Show**
**01.20 NCIS**
**02.05 NCIS. Los Angeles**
**02.50 The Walking Dead**
**03.35 The Messengers**
**04.20 The Affair**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Brot af eilífðinni Frank Sinatra, seinni hluti**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Sögur af landiRannsókn**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Grár köttur**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestarklefinn**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Flugur Egill Ólafs, Júníus Meyvant og Lay Low**
**19.50 Hitaveitan Sólmyrkvar, nautakássur og ástarsöngvar.**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Plágan**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Passíusálmar**
**22.15 Samfélagið**
**23.05 Lestarklefinn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2

**07.00 Blíða og Blær**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.45 Friends**
**08.05 The Middle**
**08.30 Brother vs. Brother**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Restaurant Startup**
**10.20 Splitting Up Together**
**10.50 The Night Shift**
**11.30 Hið blómlega bú**
**12.05 Feðgar á ferð**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Næturvaktin**
**13.30 Arthur Miller. Writer**
**15.20 Swan Princess. Royally Undercover**
**16.40 The Goldbergs**
**17.05 Ég og 70 mínútur**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Evrópski draumurinn**
**20.00 Matilda**
**21.40 Terminal**
**23.15 Lincoln**
**01.40 Geostorm**
**03.25 Rough Night**
**05.05 Page Eight**

## STÖÐ 3

**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Angie Tribeca**
**21.15 The Simpsons**
**21.40 Bob's Burgers** Nýjasta syrpa þessara skemmtilegu þátta um mann sem rekur hamborgarastað og skrautlega fjölskyldu hans. Þau eru öll afar fær í því að koma sér í vandræði og þurfa svo að hjálpast að við að leysa málin á oft mjög svo kómískan hátt.
**22.05 American Dad**
**22.30 Game of Thrones**
**23.30 Luck**
**00.25 Modern Family**
**00.50 Two and a Half Men**
**01.15 Seinfeld**
**01.40 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10 Valur - Skallagrímur**
**08.50 Dortmund - Tottenham**
**10.30 Real Madrid - Ajax**
**12.10 Meistaradeildarmörkin**
**12.40 Premier League World**
**13.10 Úrvalsdeildin í pílukasti**
**16.40 Þór Þorl. - Keflavík**
**18.20 Valur - Skallagrímur**
**20.00 KR - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**22.10 Domino's körfuboltakvöld**
**23.50 UFC Now**
**00.40 UFC 235. Jones vs Smith**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.05 Premier League World**
**07.35 Breiðablik - Skallagrímur**
**09.15 Þór Þorl. - Keflavík**
**10.55 Eintracht Frankfurt - Inter Mila**
**12.35 Chelsea - Dynamo Kiev**
**14.15 Rennes - Arsenal**
**15.55 Napoli - Salzburg**
**17.35 La Liga Report**
**18.05 Evrópudeildarmörkin**
**18.55 PL Match Pack**
**19.25 Juventus - Udinese** Bein útsending
**21.30 Premier League Preview**
**22.00 Úrvalsdeildin í pílukasti**

## GOLFSTÖÐIN

**08.30 Inside the PGA Tour**
**08.55 Arnold Palmer Invitational**
**12.55 Golfing World**
**13.45 2018 Playoffs Official Film**
**14.35 Inside the PGA Tour**
**15.00 Arnold Palmer Invitational**
**19.00 Arnold Palmer Invitational** Bein útsending frá Arnold Palmer Invitational á PGA mótaröðinni.
**23.00 Golfing World**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50 A Royal Night Out**
**13.30 She's Funny That Way**
**15.05 My Old Lady**
**16.55 A Royal Night Out**
**18.35 She's Funny That Way**
**20.10 My Old Lady**
**22.00 This Is the End**
**23.50 Swept Under**
**01.20 Blood Father**
**02.50 This Is the End**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




Matarmiklar súpur
**FULLELDAÐAR**
Aðeins að hita

Umhverfisvænni
**UMBÚÐIR**
Sömu góðu súpurnar

**1kg**



**1.598**
kr. 1 kg

**Íslensk Kjötsúpa,** 1 kg
**Ungversk Gúllassúpa,** 1 kg
**Mexíkósk Kjúklingasúpa,** 1 kg

# FLJÓTLEGT OG GOTT







**2.198**
kr. kg

**ÍL Lambaskanki**
Hægeldaður, 2 teg.

**FYLGIR MEÐ**
Egils Kristall 2 l
með granateplum

**20-30 Réttur**
Matur fyrir tvo í pakka, 8 teg.
2 l Kristall með granateplum fylgir með

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **10. mars** eða meðan birgðir endast.

# Dragtir í öllum regnbogans litum

Dragtin var áberandi á fólkinu á tískuvikunni og var í öllum regnbogans litum. Þó að ljósbrúnn verði vinsælasti litur sumarsins þá er um að gera að hafa dragtina í skærari lit eins og á þessum myndum sem Glamour hefur tekið saman.

Dragtin er mjög klassísk, því hægt er að nota jakkann og buxurnar saman eða sitt í hvoru lagi. Fallegur dragtarjakki passar vel við gallabuxur og ökklastígvél og buxurnar við þunna prjónapeysu. Ef þú hyggst bæta einhverju við fataskápinn fyrir vorið þá skaltu taka dragtina sterklega til greina. **eddag@frettabladid.is**



**Brúnn verður vinsælasti liturinn í vor og er sérstaklega flottur á dragt.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Þú getur einnig valið einn lit frá toppi til táar.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Rauð dragt gerir mikið fyrir gráa daga.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Ljósgrá dragt við strigaskó passar vel saman.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Svart er alltaf klassískt.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Jakki og buxur frá MSGM, fæst í 38 Þrepum.**



**Jakki og buxur úr Zöru.**



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**Nýtt Húsasmiðjublað**
er komið út stútfullt af frábærum tilboðum. Skoðaðu blaðið á husa.is




# SJÓÐANDI HEIT TILBOÐ

**Komdu í Húsasmiðjuna og gerðu klikkuð kaup á Rauðum dögum. Fullar verslanir af flottum vörum á enn betra verði.**

**34% afsláttur**
GRAPHITE PRO
**22.995 kr**
~~34.595 kr~~
**Borvél 18V Graphite**
Kemur í tösku með 109 fylgihlutum, tvær rafhlöður 2.0Ah li-ion, sn./mín., 0-350/0-1250, mesta hersla 44Nm, 19 stillingar, 13 mm patróna.
5245273

HOOVER
Tak-markað magn
Fæst í Skútuvogi og husa.is
**20% afsláttur**
Kynningaverð
**39.990 kr**
~~49.990 kr~~
**HOOVER Ryksuguvélmenni**
Rafhlöðuending 90 mín., Hleðslutími 4 tímar, Rafhlaða Li-ion, þyngd - 2,26 kg.
1805316

**20% afsláttur**
af öllu parketi

Sjáðu verðið!
Kynningaverð, aðeins 100 stk.
Electrolux
**49.990 kr**
~~59.990 kr~~
**Þvottavél 1200 sn.** EW6S427W
Tekur 7kg og með A+++ orkunýtingu,
1805436

Amica
Kynningaverð
Fæst í Skútuvogi og husa.is
**69.990 kr** NÝTT
~~79.990 kr~~
**Ísskápur Retró, 144 cm**
Rauður eða svartur Retró ísskápur.
1805651-2

**31% afsláttur**
Electrolux
Kynningaverð
**10.990 kr**
~~15.990 kr~~
**Ryksuga** EAPC51IS
Pokalaus.
1860063

Jotun gæði, lægra verð!
Verð á lítra **866 kr**
JOTUN VEGG&TAK
9 ltr.
**7.796 kr**
**25% afsláttur**
~~10.395 kr~~
**Jotun vegg- og loftamálning**
Einstök málning sem hentar bæði á loft og veggi. Auðveld í notkun, þekur vel.
7119781-83

**25% afsláttur**
af öllum GROHE og Damixa blöndunartækjum
GROHE
damixa

**Byggjum á betra verði**






# 81 prósent greina fjallar um karla

**Þrír háskólar hér á landi svara í dag ákalli UNESCO um að auka veg og virðingu kvenna á Wikipedia en aðeins 19 prósent íslenskra greina á vefnum fjalla um konur.**



Laufey Axelsdóttir segir vilja til að breyta stöðunni skipta miklu máli.

Í dag, 8. mars, er fólk hvatt til að taka þátt í átaki á vegum UNESCO sem fer fram víða um heim og stuðla þannig að jafnari hlut kvenna í greinum vefsins með viðburðinum #wiki4women. Markmiðið er að bregðast við ákalli frá UNESCO og Wikimedia Foundation og stuðla að betri kynningu og umfjöllun um konur á upplýsingasíðum Wikipedia. Samkvæmt nýrri talningu UNESCO eru 12.152 greinar á Wikipedia um Íslendinga. Af þeim eru tæplega 19% um íslenskar konur en 81% um íslenska karla. Sjónum er sérstaklega beint að konum sem tengjast málefnasviðum UNESCO, þ.e. menntun, menningu, listum, fjölmiðlum, vísindum og upplýsingatækni.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur fyrir viðburðinum hér á landi í samstarfi við UNESCO á Íslandi og Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, á Akureyri og Listaháskóla Íslands en það er Laufey Axelsdóttir, stundakennari við Háskóla Íslands, sem er í forsvari fyrir viðburðinum hér á landi.

„Við fengum þetta verkefni í hendurnar frá menntamálaráðuneytinu í síðustu viku og þeir sem höfðu tök á að vera með viðburði í dag ásamt okkur í Háskóla Íslands eru Háskólinn í Reykjavík og á Akureyri. Listaháskóli Íslands verður ekki með dagskrá en hvetur nemendur sína sérstaklega til þátttöku,“ segir Laufey. „Aðalviðburðurinn á vegum UNESCO verður í París, rétt eins og á síðasta ári en auk þess er staðið fyrir viðburðum í borgunum Bangkok, Nýju-Delí, Almaty, Kaíró, Líma, Buenos Aires, Reykjavík, Akureyri og Rabat.“

Laufey segir viðbrögðin hafa verið góð og þau vonist til að sem flestir mæti í dag til að skrá sögu markverðra kvenna og viðburðurinn verði í framhaldi árlegur.

„Eins og tölurnar sýna er lítið fjallað um konur á þessum síðum og má segja að þetta sé ein mynd af þeim veruleika sem konur hafa búið við. Þær hafa þurft að berjast fyrir viðurkenningu á hinu opinbera sviði eins og til dæmis á vinnumarkaðnum og í íþróttaheiminum þar sem þeirra afrek hafa verið sett skör lægra en afrek karla. Þetta er ein af mörgum birtingarmyndum svokallaðs kynjakerfis eða félagslegs valdakerfis sem einkennist af kerfisbundinni yfirskipun karla og undirskipun kvenna. Í þessu kerfi hafa karlar orðið viðmiðið og þar skiptir t.d. máli að skoða menningarlega þætti og hugmyndir í samfélaginu um leiðtogahæfni, verðleika og virðingu. Rannsóknir hafa sýnt að slíkar hugmyndir eru kynbundnar og birtist t.d. í því að bæði konur og karlar velja sér frekar karla sem leiðtoga.“

### VIÐBURÐIRNIR Í DAG VERÐA SEM HÉR SEGIR

**Háskóli Íslands**
Viðburðurinn hefst klukkan 15.00 í Gimli 102 og stendur til klukkan 17.

**Háskólinn í Reykjavík**
Viðburðurinn verður með stúdentafélaginu í Sólinni (opið aðalsvæði) frá 14.00 til 16.00.

**Háskólinn á Akureyri**
Viðburðurinn verður frá 15.00 til 17.00 í N202.

*Alls staðar verður gestum boðið upp á pítsu og gos að viðburði loknum.*

**Í ÞESSU KERFI HAFA KARLAR ORÐIÐ VIÐMIÐIÐ OG ÞAR SKIPTIR T.D. MÁLI AÐ SKOÐA MENNINGARLEGA ÞÆTTI OG HUGMYNDIR Í SAMFÉLAGINU UM LEIÐTOGAHÆFNI, VERÐLEIKA OG VIRÐINGU.**

**Rödd karla fengið meira vægi**

„Það er áhugavert að skoða þetta út frá tölfræðinni sem hefur verið tekin saman í skýrslu félags- og jafnréttismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála árin 2015-2017. Þar kemur mjög skýrt fram að karlar hafa frekar verið viðmælendur í fjölmiðlum en konur. Þeirra rödd hefur þannig fengið meira vægi í samfélaginu. Þetta gæti verið ein af ástæðum þess að fólk skrifar frekar um karla en konur á Wikipedia. Í skýrslunni má einnig sjá jákvæð áhrif þess þegar fjölmiðill fer í jafnréttisátak líkt og RÚV gerði. Vilji til að breyta stöðunni skiptir því miklu máli.“

Nemendur og starfsfólk háskólanna eru hvött til að mæta en aðgangur er öllum opinn og öllum áhugasömum fagnað. „Eins getur fólk unnið í þessu heiman frá sér, allir geta sest niður við tölvuna og skrifað. Þátttakendum er frjálst að velja sjálfir konur til að skrifa um en Wikipedia setur þó kröfur um að konan hafi afrekað eitthvað markvert til að fjallað sé um hana á hennar eigin síðu. „Við höfum svo tekið saman góðan lista um markverðar konur fyrir þá sem vantar hugmyndir og af nægu er að taka. Við höfum tekið svolítið af heimildum saman til að auðvelda fólki vinnuna og verðum á staðnum til að hjálpa fólki að setja inn heimildir og gera því þetta eins auðvelt og hægt er.“

**bjork@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*




# Hej allihopa!

Í samvinnu við sænska sendiráðið styrkjum við sænskar rætur IKEA í mars og förum Saman til Svíþjóðar!

Í dag klukkan 15 verður Saman til Svíþjóðar! formlega sett í IKEA. Sænski sendiherrann á Íslandi, Håkan Juholt, og Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, opna dagana.

Við ætlum svo sannarlega saman til Svíþjóðar, því gestum býðst að taka þátt í leik sem gæti komið þeim alla leið. Við bregðum á leik í versluninni og aðalvinningur er ferð fyrir alla fjölskylduna til Svíþjóðar í sumar. Leikurinn verður í gangi 8.-31. mars og við drögum út vinningshafa 1. apríl.
**Þið gætuð verið á leiðinni saman til Svíþjóðar!**





## Astrid Lindgren

Það eru fáir Svíar sem eiga eins stórt pláss í hjarta okkar Íslendinga og Astrid Lindgren. Sögur hennar og persónur hafa stytt börnum og fullorðnum stundir áratugum saman og halda áfram að gera það. Henni til heiðurs fengum við garðinn hennar Línu langsokks lánaðan frá Astrid Lindgren garðinum í Vimmerby og settum upp lestrarhorn í versluninni.

## Kokkar og konditor





## Hvað á elgurinn að heita?

Elgurinn er mikilfenglegt dýr og einkennandi fyrir Svíþjóð. Í anddyri verslunarinnar höfum við komið fyrir elg í raunstærð, sem stendur þar vörðinn í mars. Elgurinn er nýfluttur inn til okkar og hefur enn ekki fengið nafn. Hafir þú tillögu að nafni biðjum við þig að finna myndina af honum á Instagram @ikeaisland og setja tillöguna í athugasemd undir myndina.
**Þú gætir unnið 50.000 króna inneign í versluninni!**



Í tilefni Saman til Svíþjóðar! fáum við góða gesti á veitingasvið. Kokkarnir Jens Harryson og Ted Karlberg matreiða hefðbundinn elgspottrétt, kartöflu-dumplings og galdra fram ljúffenga síldarrétti af sinni alkunnu sænsku snilld. Bakaríið og kaffihúsið fá svo að njóta hæfileika konditorsins Anders Oskarssons, heimsmeistara á sínu sviði.

**IKEA.is/saman**



## Surströmming áskorun

Þeir sem þekkja til surströmming vita að það er ekki allra að leggja sér síldina til munns. Á morgun, laugardag kl. 15, ætla nokkrir útvaldir ofurhugar að taka þátt í surströmming áskorun sem felst einfaldlega í því að koma síldinni niður, og það verða vegleg verðlaun. Við fáum fagmenn til að stjórna keppninni því Simmi og Sveppi mæta til að gæta þess að allt fari rétt fram. Komdu og fylgstu með!

© Inter IKEA Systems B.V. 2019

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - **IKEA.is**

IKEA®

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Maríu Bjarnadóttur



## Samfélag 4.0

Þegar hugbúnaður er hannaður á sér stað prófunarferli. Fólk vill jú kerfi sem virkar. Við notkun búnaðarins koma alltaf í ljós vankantar. Þess vegna er unnið að þróun og úrbótum samhliða notkun svo að hægt sé að gefa út uppfærslur sem taka mið að tækniumhverfi hvers tíma.

Þessi prófunarleið á við um samfélög líka. Ef mér reiknast rétt til á þessum alþjóðlega baráttudegi kvenna árið 2019 erum við í miðri fjórðu uppfærslu á áhrifum femínisma á samfélagið. Samfélag 4.0. Það er auðvitað merkilegt að þrátt fyrir þrjár risauppfærslur sé enn ekki búið að eyða kynjamisrétti og kvenfyrirlitningu sem eru þó svo augljóslega slæmar kerfisvillur.

Með fyrstu uppfærslunni fengu konur kosningarétt. Fleiri borgaraleg réttindi komu svo í minni uppfærslum; ég held að það hafi verið í 1.5 sem þeim var tryggður jafn eignaréttur á við karla. Með Samfélagi 2.0 var sett fram krafa um jafnrétti á vinnumarkaði og umræðan um kynferðislegt ofbeldi gegn konum opnuð. 2.4. færði okkur skilgreiningar á borð við kynferðislega áreitni og tilraunir til að eyða þeirri villu. Með 3.0 þurftu konur að „halla sér fram“ til að sækja milliuppfærslurnar sjálfar. Konur sem hölluðu sér nægilega gátu þannig fengið launahækkun til samræmis við karla í sömu stöðu.

Sumir notendur telja óþarft að fjárfesta í 4.0. uppfærslunni; það séu engar villur í kerfinu, enda komið alveg nóg jafnrétti. Svona stöðnun er ekki vænleg til árangurs. Það er svona álíka og að ætla að nota iPhone 2 til að komast á samfélagsmiðla í símanum (vísbending: það virkar ekki). Notendur vilja breytt viðhorf, útrýmingu kynferðisofbeldis og jöfn tækifæri fyrir alla óháð kyni. Það er vonandi að Samfélag 4.0 bjóði upp á þetta.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA
Kvikk ON THE GO

KRINGLUKAST

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
Lín DESIGN




AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT
STILLANLEGIR DAGAR

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING





DÝPRI OG BETRI SVEFN
Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

STILLANLEG RÚM – VERÐDÆMI
Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 569.800
Tilboð 427.350 kr.
Með Tempur Oringinal eða Cloud heilsudýnu, 90 x 200 cm. Fullt verð: 384.900
Tilboð 288.675 kr.

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:
· Inndraganlegur botn
· Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
· Mótor þarfnast ekki viðhalds
· Tvíhert stálgrind undir botni
· Tveir nuddmótorar með tímarofa
· Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
· LED lýsing undir rúmi
· Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is
Betra BAK